FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
91. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 19. APRÍL 2017

# Gefa grænt ljós á milljarða uppbyggingu

**Hvort ráðist verður í uppbyggingu hafnarmannvirkja á Akranesi ræðst nú alfarið af ákvörðun forsvarsmanna HB Granda um hvort starfsemi fyrirtækisins verði haldið áfram þar.**

**BYGGÐAMÁL** Faxaflóahafnir hafa gefið grænt ljós á uppbyggingu hafnarmannvirkja á Akranesi, að vissum skilyrðum uppfylltum. Verði af uppbyggingunni mun hún kosta um þrjá milljarða króna þegar allt er talið. Ný og fullgerð hafnaraðstaða verður ekki að fullu tilbúin til notkunar fyrr en að fimm til sex árum liðnum.

Stjórn Faxaflóahafna kom saman daginn fyrir skírdag og var bókaður sá vilji stjórnar að uppbygging hafnarmannvirkja á Akranesi gæti orðið að veruleika að uppfylltum þeim skilyrðum að fyrir lægi samkomulag milli Faxaflóahafna sf. og HB Granda um verkefnið, eða nýtingu mannvirkjanna. Hafnarstjórn vísar til þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað varðandi starfsemi HB Granda hf. á Akranesi, og þá að henni yrði hætt að óbreyttu, en samtal um uppbyggingu hafnaraðstöðunnar hófst strax árið 2007.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir að með þessari samþykkt sé ljóst að Faxaflóahafnir séu tilbúnar að leggja í þessa miklu fjárfestingu ef allir aðilar málsins ná saman.

„Það þarf þrjá í þennan tangó. En stefnan er nokkuð skýr hvað okkur varðar,“ segir Gísli.

Samkvæmt þessum orðum Gísla er boltinn því alfarið í höndum HB Granda þar sem afstaða Akranesbæjar er löngu ljós, enda var uppbyggingin útspil bæjarins til að koma í veg fyrir að HB Grandi hætti landvinnslu sinni strax. Fyrirtækið samþykkti með semingi að ganga til viðræðna við bæjaryfirvöld og Faxaflóahafnir og frestaði ákvörðun sinni um framtíð landvinnslu fram á sumarið.

„Það er hægt að segja að uppbyggingin kosti 1,3 til 1,4 milljarða.

> **Það þarf þrjá í þennan tangó. En stefnan er nokkuð skýr hvað okkur varðar.**
> Gísli Gíslason hafnarstjóri



Síðan er allt annað innan hafnar um milljarður, sem er endurnýjun á bryggjunni, hafnargarður og aðgerðir til að skapa meira rými fyrir stærri skip. Þetta er því tveir og hálfur milljarður þegar allt er talið,“ segir Gísli sem tekur fram að þegar skattar eru meðtaldir sé verðmæti framkvæmdanna um þrír milljarðar. Hann bætir við að mögulega væri hægt að klára verkið árið 2021, en skipulagsmálin gætu dregist og lengt framkvæmdatímann enn.

Gísli svarar því játandi að framkvæmdirnar séu háðar því að HB Grandi vilji auka umsvif sín á Skaganum. Í þær verði ekki farið að öðrum kosti.

„Nei, ég held að það sé nokkuð ljóst. Það á alla vega við um uppfyllinguna en það kemur að því að við verðum að fara í endurnýjun á viðlegukantinum gamla. En það yrði þá á næstu tíu árum, eða eitthvað slíkt,“ segir Gísli.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag telur formaður Verkalýðsfélags Akraness, Vilhjálmur Birgisson, að HB Grandi ætli ekki að hætta við ákvörðun sína. Viðræður við Faxaflóahafnir og bæinn séu fyrirsláttur eins og komið hafi fram í viðtölum við forstjóra fyrirtækisins, Vilhjálm Vilhjálmsson, að undanförnu. **– shá**



Forsætisráðherra Bretlands, Theresa May, tilkynnti í gær að hún hygðist boða til þingkosninga í sumar. Fyrirhugað er að kosningarnar fari fram 8. júní. Breska þingið greiðir í dag atkvæði um hvort fallast beri á tillögu May. Íhaldsflokkurinn mælist með mikið forskot í öllum skoðanakönnunum. Sjá síðu 8 NORDICPHOTOS/AFP

## Lífeyrissjóðirnir komnir í sorpið

**MARKAÐURINN** Fjárfestarnir Jón Sigurðsson og Einar Örn Ólafsson ásamt framtakssjóði í rekstri Stefnis, en stærstu hluthafar sjóðsins eru lífeyrissjóðir, eru að ganga frá kaupum á Gámaþjónustunni fyrir milljarða króna. Eignarhlutur Jóns og Einars Arnar, sem eru fyrrverandi forstjórar FL Group og Skeljungs, í félaginu sem tekur yfir rekstur Gámaþjónustunnar verður um 35 prósent, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Gámaþjónustan er eitt stærsta fyrirtæki landsins í flokkun og endurvinnslu úrgangs. Á árinu 2015 nam heildarvelta þess um 4,45 milljörðum króna. Stærsti hluthafi Gámaþjónustunnar í dag er Benóný Ólafsson, með um 60 prósenta hlut. **– hae /** **sjá Markaðinn**

## Skella átti í lás hjá United Silicon

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun tilkynnti United Silicon bréflega fyrir páska að ekki yrði komist hjá því að stöðva starfsemi verksmiðju fyrirtækisins í Helguvík. Forsendurnar voru að mögulegt væri að frá verksmiðjunni streymdi út í andrúmsloftið fjöldi efna sem gætu haft langtímaáhrif á heilsufar, en meðal þeirra eru ediksýra og maurasýra. Ekkert þeirra efna sem tiltekin eru í bréfi Umhverfisstofnunar falla undir mæliáætlun fyrirtækisins eða umhverfisvöktun.

Þetta kemur fram í bréfi UMST til United Silicon frá 12. apríl. Horfið var frá því að stöðva starfsemina eftir fund með forsvarsmönnum fyrirtækisins. Byggði það á því að United Silicon gaf þær upplýsingar að stjórn fyrirtækisins hefði ákveðið að ræsa ekki ljósbogaofn verksmiðjunnar í næsta óvænta ofnstoppi sem myndi vara lengur en í klukkustund.

> **Vegna skemmda sem urðu á verksmiðjunni aðfaranótt þriðjudags er ljóst að starfsemi hefur verið hætt um óákveðinn tíma.**

Vegna skemmda sem urðu á verksmiðjunni þegar eldur kom upp í henni aðfaranótt þriðjudags er ljóst að starfsemi verksmiðjunnar hefur verið hætt um óákveðinn tíma, enda óheimil samkvæmt skilyrðum Umhverfisstofnunar – og framhaldið með öllu óljóst.

Á tveimur dögum fyrir páska bárust rúmlega 80 kvartanir – til viðbótar við aðrar 300 sem áður höfðu borist. **– shá /** **sjá síðu 6**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Gísli Sigurðsson skrifar um fiskeldi í lokuðum kerfum. 12

**SPORT** Undanúrslit Olís-deildar karla hefjast í kvöld. 17

**TÍMAMÓT** Háskólanemar af samtímadansbraut LHÍ bjóða almenningi að koma og dansa með sér í opnum danstíma. 20

**LÍFIÐ** Aron Can gefur út Ínótt, sína fyrstu plötu í fullri lengd – á geisladisk. 30



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SUMARDEKK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Sunnan strekkingsvindur og rigning eða slydda um morguninn, en síðan allhvöss suðvestanátt og skúrir eða él. Léttir til á Austurlandi seinnipartinn. SJÁ SÍÐU 22

# Þétt setið á áhorfendabekkjum




Þeir voru þétt setnir áhorfendabekkirnir í DHL-höllinni vestur í bæ þegar fyrsti leikur KR og Grindvíkinga um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta fór fram. KR vann leikinn örugglega og var sigur Vesturbæjarliðsins í raun aldrei í hættu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ekki fallist á skýringar

**VIÐSKIPTI** Spákaupmennskufyrirtæki fær ekki að gjaldfæra 250 milljóna króna tap sem fyrirtækið segir að hafi komið til vegna veðmála um íþróttaleiki í gegnum veðmálasíðuna betfair.com. Þetta er niðurstaða yfirskattanefndar sem staðfesti niðurstöðu ríkisskattstjóra þessa efnis.

Í kæru fyrirtækisins til yfirskattanefndar kemur fram að fyrir hrun hafi það stundað viðskipti sem fólust í spákaupmennsku með erlenda gjaldmiðla. Slík viðskipti séu í eðli sínu veðmál um þróun gengis út frá ákveðnum forsendum. Eftir hrunið dróst starfsemi þess saman meðal annars vegna gjaldeyrishaftanna. Brá eigandi þá á það ráð að afla tekna með þátttöku í erlendri getraunastarfsemi. Vildi eigandinn meina að veðmálin hefðu verið liður í starfsemi hans og því ætti að vera heimilt að telja tapið inn í reksturinn.

Yfirskattanefnd taldi hins vegar að fyrirsvarsmaður félagsins hefði stofnað veðmálareikninginn í eigin nafni og veðjað á körfubolta og knattspyrnu í eigin nafni. Til þess notaði hann viðskiptakort félagsins.

Þá þótti ekki unnt með nokkru móti að fallast á það að veðmál á íþróttaleiki teldust fjármálagerningar í skilningi laga um verðbréfaviðskipti. Að endingu var ekkert að finna í bókhaldi félagsins um veðmálin heldur birtust þau skyndilega á skattframtölum þess. Af þeim sökum var ekki fallist á það að veðmálin tengdust félaginu með nokkru móti og niðurstaða ríkisskattstjóra staðfest. – **jóe**

**250**

**milljónir voru gjaldfærðar sem tap á veðmálastarfsemi.**

# Róbert eignast hlut í DV

**VIÐSKIPTI** Gunnlaugur Árnason mun taka við starfi stjórnarformanns Pressunnar. Á sama tíma hættir Björn Ingi Hrafnsson sem stjórnarformaður og útgefandi.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Pressunni, sem er móðurfélag Vefpressunnar, DV og Birtings. Þar segir að breytingar hafi verið gerðar á stjórn félagsins ásamt því að hlutafé í félaginu verði aukið um 300 milljónir króna.

Þar af eru um 155 milljónir frá fjárfestingarfélaginu Dalnum. Það er félag í eigu Róberts Wessman, Árna Harðarsonar og fleiri aðila. – **jhh**



Róbert Wessmann fjárfestir

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

# Sjötíu hælisleitendur sendir með vasapening

**Hælisleitendur sem samþykkja sjálfir brottflutning frá Íslandi fá 23.000 krónur í vasapening þegar þeir eru sendir burt frá landinu. Útlendingastofnun nálgast að vera búin að fullnýta samning um brottflutning á fyrstu mánuðum ársins.**

**SAMFÉLAG** Flogið hefur verið með rétt tæplega sjötíu hælisleitendur burt af landinu frá 1. ágúst síðastliðnum í krafti samstarfssamnings á milli Útlendingastofnunar og Alþjóðafólksflutningsstofnunarinnar um aðstoð við sjálfviljuga heimför. Hælisleitendurnir eiga það sammerkt að hafa samþykkt að vera sendir af landi brott eða dregið hælisumsókn sína til baka. Ferðalagið heim er borgað fyrir hælisleitendurna og svo fá fullorðnir 200 evrur og börn 100 evrur í fjárhagslegan styrk.

Þeir hælisleitendur sem koma til greina eiga það sameiginlegt að eiga ekki rétt á hæli hér á landi og eru í sumum tilfellum vegabréfslausir. Hælisleitendur sem hafa verið algengir frá löndum innan Evrópu, á borð við Albaníu og Makedóníu, heyra því ekki undir samninginn og eru flestir sendir á brott eftir öðrum leiðum, meðal annars á vegum ríkislögreglustjóra og Frontex.

Fréttablaðið greindi frá því í júlí í fyrra að samningur hefði náðst á milli stjórnvalda og Alþjóðafólksflutningastofnunarinnar um að hælisleitendur, sem ekki eiga rétt á vernd hér á landi, geti snúið aftur heim til sín án aðkomu lögreglu og stjórnvalda. Þá kom jafnframt fram að sams konar samningur væri í gildi við önnur Norðurlönd en hámarksstyrkur til hvers hælisleitanda þar væri um 500 þúsund krónur. Það er langtum meira en hælisleitendur hér á landi fá. Fullorðnir fá 200 evrur sem gera um 23 þúsund krónur og börn um 11 þúsund krónur.

Samningurinn tók gildi 1. ágúst síðastliðinn og kveður á um að íslensk stjórnvöld greiði fólksflutningastofnuninni rúma 336 þúsund dollara, tæplega 40 milljóna króna, þóknun sem stofnunin nýtir svo til að flytja hælisleitendurna af landi brott. Samningurinn gildir í átján mánuði og kveður á um brottflutning 100 hælisleitenda.

Á þeim rúmu átta mánuðum sem liðnir eru síðan samningurinn tók gildi hefur Útlendingastofnun nýtt sér hann til brottflutnings 70 manns og því eru uppi áætlanir um að endurnýta eða framlengja samninginn svo fleiri verði sendir heim í krafti hans.

snaeros@frettabladid.is
kristjanabjorg@frettabladid.is




Hælisleitendurnir eru sendir heim aftur með flugi og fá þeir vasapening. Þrjátíu pláss eru eftir samkvæmt núgildandi samningi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**23.000**

**krónur fylgja með hverjum fullorðnum hælisleitanda sem sendur er á brott samkvæmt samningum.**

**70**

**hafa verið sendir burt hingað til. 30 pláss eru eftir.**

JAGUAR

# AUKIN ÞÆGINDI VIÐ BREYTILEGAR AÐSTÆÐUR

JAGUAR




Fjórhjóladrifnu fjölskyldusportbílarnir Jaguar XE og Jaguar XF eru búnir hinu fullkomna Jaguar ASPC fjórhjóladrifskerfi sem hentar einstaklega vel við aðstæður þar sem allra veðra er von. Allar gerðir Jaguar fólksbíla eru með yfirbyggingu úr áli sem tryggir léttleika og lága eldsneytisnotkun. Nýjasta fjölarma fjöðrunartækni tryggir þægilegan akstur og framúrskarandi aksturseiginleika.

Jaguar bílar eru þekktir fyrir fallegt efnisval og vandaðan frágang innréttingar og með nýjustu kynslóð af Jaguar InControl Touch Pro margmiðlunarkerfinu getur ökumaður notið nýjunga á borð við íslenskan leiðsögubúnað, stafræna stjórnun hljómtækja og tengingu  við snjalltæki fyrir tónlistarafspilun.

Reynslauaktu fjórhjóladrifnum Jaguar í dag.

**jaguarisland.is**

THE ART OF PERFORMANCE

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM81187



Maðurinn gæti átt yfir höfði sér þungan fangelsisdóm fyrir alvarlega líkamsárás. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Rannsókn lögreglu að mestu lokið

**AKUREYRI** Ólíklegt þykir að gæsluvarðhaldsúrskurður á hendur tveimur karlmönnum, sem grunaðir eru um alvarlega líkamsárás í Kjarnaskógi á föstudaginn langa, verði fullnýttur. Stúlka um tvítugt hefur verið leyst úr varðhaldi og eftir sitja 18 ára piltur og 27 ára karlmaður.

„Við erum að ná mjög góðri mynd af því hvað raunverulega gerðist og hver ástæða árásarinnar er,“ segir Guðmundur Svanlaugsson, rannsóknarlögreglumaður á Akureyri, sem sér um rannsókn málsins. „Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn rennur út þann 21. og við teljum ólíklegt að við nýtum allan þann tíma.“

Sannað þykir að 18 ára pilturinn hafi veitt manni alvarlega áverka á læri með því að reka hníf í tvígang í læri fórnarlambsins við grillaðstöðu í Kjarnaskógi við Akureyri. Áttu mennirnir stefnumót á staðnum og þekktust áður.

Líðan fórnarlambsins er eftir atvikum góð, snör handtök vitna og skjót viðbrögð sjúkraflutningamanna auk þess hvað honum var fljótt komið undir læknishendur er talið hafa bjargað lífi mannsins. – **sa**

> Við erum að ná mjög góðri mynd af því hvað raunverulega gerðist.
>
> Guðmundur Svanlaugsson rannsóknarlögreglumaður

# Æsileg eftirför á eftir ræningja

**Ungur maður sem rændi Apótek Garðabæjar í gær ók um götur Garðabæjar og Hafnarfjarðar á miklum hraða með lögregluna á eftir sér. Eftirförinni lauk eftir að ræninginn hafði ekið aftan á Mercedes Benz bifreið og króuðu fimm lögreglubílar hann af. Starfsfólk apóteksins þáði áfallahjálp eftir atburðinn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það kom kona inn í Hagkaup, hágrátandi og mjög hrædd, og bað okkur að hringja strax á lögregluna því það væri sturlaður maður inni í apótekinu með exi,“ segir ungur sjónarvottur að vopnuðu ráni í Apóteki Garðabæjar í gærmorgun. Lögreglan kom á staðinn örskömmu eftir að tilkynningin barst og elti ræningjann í Hafnarfjörð þar sem hann var handtekinn eftir æsilega eftirför.

„Þegar ræninginn kom út stökk hann upp í lítinn rauðan bíl og keyrði næstum því eina konu niður á bílaplaninu. Svo brunaði hann upp rampinn hérna og tók stefnuna á Sjálandshverfi þar sem lögreglan hóf eftirför,“ segir sjónarvotturinn. Hann bætir við að ræninginn hafi ekki hulið andlit sitt með neinum hætti.

Ræninginn kom mjög æstur inn í apótekið og hafði í hótunum við starfsmenn með exina að vopni. Hann athafnaði sig bak við afgreiðsluborðið í nokkurn tíma og náði að komast út með einhvern ránsfeng. Engir viðskiptavinir voru inni þegar ránið átti sér stað. Starfsmönnum tókst að komast út og kalla eftir aðstoð en þeir fengu áfallahjálp hjá starfsmönnum Rauða krossins á eftir.

Eftirför lögreglu hófst þegar í stað um Sjálandshverfi þar sem ræninginn fór alltaf stystu leið í gegnum hringtorg og keyrði þar með á móti umferð. Ók hann eftir Vífilsstaðavegi og Hraunholtsbraut á miklum hraða, stundum vel yfir 100 km/klst. Hann fór svo gamla Álftanesveginn og fram hjá Hrafnistu áður en hann ók sem leið lá um Herjólfsgötu.

Lögreglan reyndi að stöðva för ræningjans fyrst þegar hann ók af Herjólfsgötu og inn á Hjallabraut með krappri vinstri beygju en tókst ekki. Jók hann hraðann og ók aftan á Mercedes Benz bifreið skammt frá gatnamótum Hjallabrautar og Reykjavíkurvegar.

Við það hægðist á honum og króaði lögreglan bílinn af en fimm bílar voru þá komnir á svæðið.

Er það mat lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að mikil mildi þyki að enginn skaði hlaust af hátterni mannsins en hann keyrði utan í fleiri bifreiðar auk þess að valda skemmdum á gatnamannvirkjum.

„Það skapaðist mikil hætta. Það var heppni að ekki skyldi fara verr,“ segir Margeir Sveinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn. „Þetta var eftir að klukkan sló níu og þá er mesta umferðin búin. Ég hefði ekki boðið í þetta ef þetta hefði gerst fyrir níu,“ bætir hann við.

Ræninginn var handtekinn og yfirheyrður í gær. **benediktboas@365.is**




> Ræninginn ók á tvær bifreiðar og oft á vel yfir 100 km/klst. hraða.

## Dregið úr eftirliti lögreglu á ný

**LÖGREGLUMÁL** Ekki er talin þörf á að halda áfram auknu eftirliti hér á landi vegna hryðjuverka, segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri. Eftirlit var aukið eftir árásina í Svíþjóð í byrjun mánaðar. Í því fólst til dæmis að sérsveitarmönnum á vakt var fjölgað.

„Þetta er síðasti dagurinn í dag. Það var okkar mat að það væri ekki þörf á auknu eftirliti lengur,“ segir Haraldur og bætir við að ekkert bendi til að ódæðisverk séu yfirvofandi. – **sks**


Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri

## Vaktstjórinn á Subway vill fá tíu milljónir króna

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi vaktstjóri hjá Subway í Vestmannaeyjum, sem á dögunum var sýknaður af ákæru um tæplega 13 þúsund króna fjárdrátt á staðnum, telur sig eiga inni um tíu milljónir króna frá fyrirtækinu. Annað mála konunnar gegn rekstrarfélagi Subway hérlendis verður tekið fyrir í héraðsdómi í dag.

Um er að ræða tvö mál. Annars vegar mál til heimtu tveggja mánaða launa auk miskabóta, alls um 2,3 milljónir króna. Hitt málið er til greiðslu bakvaktaálags þar sem konan hafði bakvaktasíma í starfi sínu. Auk þess telur vaktstjórinn fyrrverandi sig ekki hafa fengið greidda lágmarksútkallstíma þegar hún var kölluð út. Sú krafa nemur um átta milljónum króna.

Stjarnan ehf., sem rekur Subway, hefur ekki viljað semja við konuna þar sem félagið telur sig eiga gagnkröfu á hendur henni sem nemur samtals 1.000 klukkutímum. – **jóe**

> **13**
> þúsund króna fjárdráttur var konunni gefinn að sök.





GRAND CHEROKEE

Eigum Jeep® Grand Cherokee Limited og Overland dísel og bensín til afgreiðslu strax.

Verðlaunaðasti og einn öflugasti jeppi sem framleiddur hefur verið.

Áttu eldri Jeep® Grand Cherokee upp í?

Spjallaðu þá við okkur, því við vitum hvað Jeep® Grand Cherokee er góður í endursölu.

Tökum upp í allar gerðir bíla.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




**Heimilið**
**Líf og heilsa**
**Bíllinn**
**Reksturinn**

Það er sárt að sjá á bak verðmætum þegar eigur þínar falla í rangar hendur. Þá er dýrmætt að það sé tryggt að þú fáir tjónið bætt. Hafðu samband og saman finnum við út hvað þú átt – að tryggja.

**VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?**

vörður

L-Mesitran
Náttúruleg sáragræðsla með hunangi
Nánari upplýsingar fást á **www.wh.is.**

Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekaranum, Hraunbergsapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.


AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW
• Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
• Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.
Volkswagen
Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.
bilson - VERKSTÆÐIÐ -
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090
Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

nordanfiskur
Góður kostur - á hvers manns disk!
Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mötuneyti og fyrir þig!
www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is

Skemmtanir
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.
Ykkar skemmtun....
....okkar fókus
Hókus Pókus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



Abror Azimov var lokaður inni meðan hann beið þess að gefa skýrslu fyrir dómi í Moskvu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sakaður um að hafa banað 15 manns

**RÚSSLAND** Abror Azimov sem er grunaður um að hafa skipulagt hryðjuverkaárás á neðanjarðarlestakerfið í Sankti Pétursborg í Rússlandi gaf skýrslu í réttarhöldunum í Basmanny-dómnum í Moskvu í gær. Sautján manns fórust og um 50 særðust í sprengingunni sem varð á lestarstöðinni hinn 3. apríl síðastliðinn.

Azimov neitaði því fyrir dómi að hafa skipulagt árásirnar. „Ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað ég var að gera. Ég fékk leiðbeiningar,“ sagði hann við réttarhöldin í gær. Áður hafði verið fullyrt að Azimov hefði játað að hafa skipulagt sprengjuárásina. – **jhh**

# Með öllu óljóst hvenær framleiðsla hefst á ný

**Stjórn United Silicon hafði tekið ákvörðun um að hætta rekstri verksmiðjunnar tímabundið, áður en eldur kom þar upp í fyrrinótt. Umhverfisstofnun hafði sent bréf um skorður við starfseminni fyrir páska. Framhaldið er í óvissu.**

**UMHVERFISMÁL** Verksmiðja United Silicon í Helguvík mun ekki hefja framleiðslu að nýju í bráð en ofn verksmiðjunnar verður einungis gangsettur ef áframhaldandi rannsóknir Umhverfisstofnunar krefjast þess.

Þessi ákvörðun var tekin af stjórn fyrirtækisins fyrir páska og óháð eldi sem kom upp í verksmiðjunni aðfaranótt þriðjudags. Þá hafði Umhverfisstofnun þegar hótað að stöðva starfsemina vegna mengunar að undanförnu. Þetta þýðir að algjör óvissa er um hvenær framleiðsla í verksmiðjunni hefst að nýju.

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að stofnunin hafi verið við eftirlit í verksmiðju United Silicon yfir páskana vegna kvartana sem bárust yfir hátíðina. Jafnframt hafði Umhverfisstofnun verið í sambandi við fyrirtækið fyrir páska varðandi skorður við starfseminna.

„Því lyktaði með því að stjórn fyrirtækisins tók ákvörðun um að ef ofn verksmiðjunnar færi niður lengur en í eina klukkustund þá yrði hann ekki keyrður upp aftur til framleiðslu heldur einungis til að greina losun efna og slíkt,“ segir Sigrún sem

> Við höfum haft í forgangi að vinna úr málinu síðustu daga

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun



bætir við að áhyggjur hafi verið af veðurspá yfir páskana – norðlægum áttum og þeim áhrifum sem vinnsla í verksmiðjunni hefur haft á íbúa Reykjanesbæjar og fjallað hefur verið um að undanförnu. Verksmiðjunni var sent bréf þess efnis. Þar kemur fram að kvartanir frá íbúum höfðu hrúgast upp á stuttum tíma, og eru orðnar tæplega 400 síðan verksmiðjan hóf rekstur.

„Við höfum því haft í forgangi að vinna úr málinu síðustu daga,“ segir Sigrún.

Eldur kom síðan upp í verksmiðjunni aðfaranótt þriðjudags. Fréttavefurinn Vísir sagði frá því að eldurinn hefði komið upp í ofnhúsi verksmiðjunnar á efstu hæð, en hann teygði sig í þrjár hæðir hússins. Í viðtali Vísis við Kristleif Andrésson, yfirmann öryggis- og umhverfismála hjá United Silicon, kom fram að framleiðsla hefði stöðvast vegna eldsins og óvíst væri hvenær hægt yrði að hefja framleiðslu á ný.

Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, skrifaði í tilefni brunans Facebook-færslu í gærmorgun þar sem hún sagði afdráttarlaust að „nú væri komið nóg“. Sagði hún að loka þyrfti verksmiðju United Silicon þar til fengist á hreint af hverju íbúar sem búa næst verksmiðjunni í Helguvík „upplifi einkenni sem að mengunarmælingar geta ekki útskýrt“. Eins hvaða óæskilegum efnum starfsmenn séu útsettir fyrir, og kanna þurfi fjármögnun verksmiðjunnar. „Það er ljóst á öllu að fyrirtækið þarf fjármagn. Hverjir eru að bjóða það fram núna? Ég ætla rétt að vona að það séu ekki sameiginlegir sjóðir þeirra sömu landsmanna og ýta á að fyrirtækið loki,“ skrifar Björt.

Það er í valdi Umhverfisstofnunar að loka verksmiðju United Silicon, en ekki umhverfisráðherra.

**svavar@frettabladid.is / sjá einnig frétt Markaðarins um United Silicon**

# Brátt slegið í gegn í Vaðlaheiðargöngum

**SAMGÖNGUMÁL** Aðeins eru um 50 metrar þar til slegið verður í gegn í Vaðlaheiðargöngum. Mjög vel hefur gengið síðustu vikur og hafa jarðlög verið með eindæmum hagfelld framkvæmdaaðilum.

Jökull Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, telur líklegt að gegnumslag verði um eða eftir næstu helgi.

„Nú hefur bara verið unnið á dagvöktum Fnjóskadalsmegin og mér heyrist framkvæmdaaðilinn ætla að klára verkið Eyjafjarðarmegin svo það er líklegt að það klárist á um vikutíma,“ segir Jökull.

„Það eru að vonum ánægjuleg tíðindi og setur þá framkvæmdina í allt annan fasa þegar gangagerðinni sjálfri er lokið.“

Það hefur að sönnu gustað um framkvæmdir við göngin allt frá því þær hófust. Fyrsta sprengingin var þann 3. júlí árið 2013.

Átján mánuðum síðar var búið að grafa helming lengdar ganganna. Síðan fór að halla undan fæti og hefur tekið langan tíma að komast í gegnum síðari helming ganganna. – **sa**

**FRÍ HEIMSENDING***

# CROSS GÆÐAHJÓL

**FRÍ**
**YFIRFERÐ & ÁSTANDSSKOÐUN****
**ÞJÓNUSTA & GÆÐI**

CROSS
## 20" Speedster
- Stell: Stálstell
- Gírbúnaður: Shimano 6 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk: Kenda Sidewall 2.00
- Annað: Innbrennndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

**34.999 kr.**



CROSS
## 20" Alissa
- Stell: Stálstell – Steel Hardtail
- Gírbúnaður: Shimano 6 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.00
- Annað: Innbrennndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

**34.999 kr.**



CROSS
## 24" Speedster
- Stell: Stálstell
- Gírbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk: Kenda Sidewall 2.10
- Annað: Innbrennndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari.

**Verð: 37.999 kr.**



CROSS
## 24" Alissa
- Stell: Stálstell – Steel Hardtail
- Gírbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.10
- Annað: Innbrennndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

**Verð: 37.999 kr.**



## 28" Creon Devon
- Stell: 520mm 700C Alloy 6061 Super Light
- Gaffall: Suntour M3010
- Gírar: 21 gíra Shimano Bremsur: Shimano Promax
- Dekk: Kenda Glacier 700C x 40
- Aukahlutir: Innbrennndur litur, lugt að framan og aftan, standari, bögglaberi, bjalla, double wall gjarðir.

**49.999 kr.**



## 28" Creon Tampa
- Stell: 440mm 700C Alloy 6061 Super Light
- Gaffall: Suntour M3010
- Gírar: 21 gíra Shimano
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk: Kenda Glacier 700C x 40
- Aukahlutir: Innbrennndur litur, lugt að framan og aftan, standari, bögglaberi, bjalla, double wall gjarðir.

**49.999 kr.**



SIXSIXONE
## Hjálmur
- Sterk ABS skel
- Ein stærð fyrir alla
- Mismunandi púðar fylgja

**6.899 kr.**



PAW PATROL
## Hvolpasveitin 16"hjól
**27.999 kr.**




Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifu og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum. *Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu. **Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá viðurkenndum fagaðila.

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




* Stúlkan á myndinni tekur þátt í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala í Úganda. Nafnið er ekki hennar rétta nafn en textinn lýsir raunveruleikanum sem hún og fjöldi annarra ungmenna býr þar við.

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU


# Með svipaða stöðu og Thatcher var í 1983

**Víst þykir að breska þingið samþykki að boða til snemmbúinna kosninga. Íhaldsflokkurinn hefur í undanförnum könnunum mælst með öruggt forskot. May vonast til að kosningarnar styrki umboð hennar fyrir viðræður við ESB.**

**BRETLAND** Íhaldsflokkurinn mun hefja kosningabaráttu með nokkuð öruggt forskot á aðra flokka. Þetta sýna skoðanakannanir síðustu vikna. Munurinn nú er sambærilegur við þann sem Margaret Thatcher hafði fyrir stórsigur Íhaldsflokksins í kosningunum 1983.

Breska þingið mun í dag greiða atkvæði um hvort samþykkja beri tillögu Theresu May forsætisráðherra um að ganga til kosninga 8. júní næstkomandi. Tveir þriðju þingmanna þurfa að samþykkja tillöguna til að af kosningum verði. Forsætisráðherrann tilkynnti þessa ætlun sína á blaðamannafundi fyrir utan Downing-stræti 10 í gærmorgun.

May tók við af David Cameron í kjölfar þess að niðurstaða Brexit lá fyrir. Með kosningunum nú vonast hún til þess að fá skýrt umboð Breta til að semja um skilmála útgöngu þeirra úr ESB.

„Við þurfum þingkosningar og við þurfum þær núna. Við höfum þetta tækifæri áður en samningaviðræðurnar fara á fullt,“ sagði May. Áður hafði hún sagt að ekki væri ástæða til að kjósa fyrr en kjörtímabilið rynni sitt skeið árið 2020.



**Theresa May fyrir utan Downing-stræti 10 í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kosningar fóru síðast fram í landinu árið 2015. Hlaut Íhaldsflokkurinn tæp 37 prósent atkvæða en rúmlega helming þingsæta. Verkamannaflokkurinn fék rúm 30 prósent og ríflega þriðjung þingsæta. Sökum þess hvernig úthlutun þingsæta er háttað, í einmenningskjördæmunum svokölluðu, þarf fylgi á landsvísu ekki að endurspeglast í þingmannafjölda. Skoski þjóðarflokkurinn fékk til að mynda tæp fimm prósent atkvæða en níu prósent þingmanna.

Í nýjustu skoðanakönnunum mælist fylgi Íhaldsflokksins um 43 prósent meðan Verkamannaflokkurinn hefur um fjórðungsfylgi. Hefur hann ekki mælst með svo lítið fylgi síðan Gordon Brown var forsætisráðherra landsins. Einhverjir vilja meina að Íhaldsflokkurinn sé að nýta sér stöðu sína í könnunum með því að boða til kosninga nú. Hafa orð á borð við „valdarán“ og „ólýðræðislega tilburði“ verið notuð í því samhengi.

Næsta víst þykir að tillagan um kosningarnar verði samþykkt. Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, lét hafa eftir sér að flokkurinn fagnaði því að breska þjóðin fengi tækifæri til að velja sér forystu sem hefði hagsmuni hennar í fyrirrúmi.

„Við hlökkum til að sýna hvernig Verkamannaflokkurinn mun verja hagsmuni Bretlands,“ segir í yfirlýsingu frá Corbyn. Þar kom einnig fram að flokkurinn myndi kjósa með tillögunni. Því er ljóst að samþykki þingsins liggur fyrir.

**johannoli@frettabladid.is**


KIA

Notaðir bílar

3 til 6 ára ábyrgð fylgir!



**Kia Picanto LX**

Árgerð 3/2016, ekinn 16 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2 l/100km.

Raðnúmer: 320627

**1.690.000 kr.**

13.900 kr. á mánuði*



**Kia cee'd ECO-Dynamics**

Árgerð 4/2015, ekinn 30 þús. km, bensín, 1.591 cc, 135 hö, beinskiptur, eyðsla frá 5,0 l/100km.

Raðnúmer: 170207

**2.890.000 kr.**

23.900 á mánuði*



**Kia cee'd LX 1.4**

Árgerð 5/2015, ekinn 49 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2 l/100 km.

Raðnúmer: 992236

**2.450.000 kr.**

20.100 kr. á mánuði*



**Kia Soul EX**

Árgerð 3/2015, ekinn 48 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,2 l/100 km.

Raðnúmer: 320605

**2.790.000 kr.**

23.100 kr. á mánuði*



**Kia Carens EX**

Árgerð 10/2016, ekinn 1 þús. km, dísil, 1.685 cc, 142 hö, beinskiptur, eyðsla frá 5,1l /100 km.

Raðnúmer: 992071

**4.150.000 kr.**

32.200 kr. á mánuði*



**Kia Sportage EX 4WD**

Árgerð 11/2015, ekinn 69 þús. km, bensín, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,9 l/100 km.

Raðnúmer: 992224

**4.590.000 kr.**

37.900 kr. á mánuði*



**Kia Sorento EX Premium**

Árgerð 5/2014, ekinn 97 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.

Raðnúmer: 280061

**5.390.000 kr.**

44.200 kr. á mánuði*



**Kia Sorento EX Luxury**

Árgerð 10/2015, ekinn 62 þús. km, dísil, 2.199 cc, 200 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.

Raðnúmer: 992156

**5.990.000 kr.**

49.600 kr. á mánuði*

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,50% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,30%. Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16




**Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með öllum Auris út apríl.**

## NÚ ER LAG AÐ STÖKKVA Á AURIS

Við blásum í lúðra í tilefni af því að hinn sparneytni Auris er á sérstöku tilboðsverði í apríl. Jafnframt fylgja **fjórfaldir Vildarpunktar** með öllum Auris. Ef þú vilt finna gleðina í liprum akstri, skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér þetta sértilboð. Núna er tíminn.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**Gildi–lífeyrissjóður**
*Ársfundur 2017*

*Grand hótel Reykjavík, fimmtudaginn 27. apríl kl. 17.00*

**Dagskrá fundarins**
1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúarráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn Gildis–lífeyrissjóðs.

GILDI
www.gildi.is








Friðrik Ólafsson lék fyrsta leikinn í skák ofurstórmeistarans Anish Giri og Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra í fjöltefli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sterkasta mótið í 53 ár

**SKÁK** Alþjóðlega Reykjavíkurskákmótið sem hefst í dag verður hið sterkasta og fjölmennasta í 53 ára sögu þess. Alls eru um 280 skákmenn skráðir til leiks frá um 45 löndum. Þar af eru 35 stórmeistarar og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Um 180 erlendir skákmenn taka þátt í mótinu. Fleiri en nokkru sinni fyrr. Flestir þeirra koma frá Bandaríkjunum, Indlandi og Kanada. Góð þátttaka Færeyinga vekur athygli en þeir eru 12 talsins.

Mótshaldarar segja að Reykjavíkurskákmótið sé frekar skákhátíð en skákmót. Efnt er til alls konar sérviðburða meðan mótið fer fram, fjöltefli ofurstórmeistarans, sterkasta þátttakanda í sögu mótsins, Anish Giri, var í gær. En meðal annarra sérviðburða eru fyrirlestrar, hraðskákmót, barnahraðskákmót, spurningakeppni (pub quiz), fótboltamót skákmanna, kotrumót og ferð um gullna hringinn með viðkomu við leiði Bobbys Fischer.

Nærri 100 íslenskir skákmenn taka þátt í mótinu nú og þar á meðal þrír stórmeistarar. Stigahæstur þeirra er Hannes Hlífar Stefánsson, sigursælasti skákmaður í sögu Reykjavíkurskákmótanna.

Það sætir tíðindum að Jóhann Hjartarson tekur nú þátt í mótinu í fyrsta skipti í 21 ár og sá þriðji er Þröstur Þórhallsson. Sjö íslenskar skákkonur taka þátt. Fyrir þeim fer Lenka Ptácníková, stórmeistari kvenna og margfaldur Íslandsmeistari. Alþjóðlegu meistararnir Guðmundur Kjartansson, Bragi og Björn Þorfinnssynir taka þátt og það gerir einnig Vignir Vatnar Stefánsson, okkar efnilegasti skákmaður. **– shá**




# FORD FIESTA
# SUMARTILBOÐ!

**-300.000 kr.**
**AF LISTAVERÐI!**




# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!

**50%**
**AFSLÁTTUR AF AUKAHLUTUM!**

## Ford Fiesta – sjálfskiptur, 100 hestöfl

Ford Fiesta er sumarlegur og skemmtilegur bíll. Mest seldi bíll í Evrópu fjögur ár í röð. Fyrir því eru góðar ástæður. Ríkulegur staðalbúnaður, loftkæling, Bluetooth samskiptakerfi, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður. Fiesta höfðar til þeirra sem vilja eiga fjörugar stundir undir stýri og þeirra sem vilja sparneytinn og öruggan bíl.

**Tilboðið gildir út aprílmánuð og nær til bíla sem til eru á lager og afhendast fyrir mánaðarmótin.**

Ford

**Komdu og tryggðu þér glænýjan sjálfskiptan Ford Fiesta 5 dyra með 300.000 króna afslætti!**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Dauði lýðveldis



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Stjórnskipun íslenska ríkisins byggir á þrígreiningu ríkisvaldsins en einhverja útgáfu hennar er að finna í flestum lýðræðisríkjum. Með þrígreiningu hafa hinir ólíku armar ríkisvaldsins tilsjón og taumhald hver með öðrum.

Þótt þrígreiningin byggi á stjórnarskránni er hún ekki fullkomlega ómenguð. Þannig þarf atbeina framkvæmda- og eftir atvikum löggjafarvalds til skipunar dómara. Sú ríkisstjórn er við völd hverju sinni sem meirihluti þingsins þolir í embætti og af og til eru dómstólar komnir út á jaðar valdheimilda sinna með framsæknum lögskýringum. Hinir ólíku handhafar ríkisvaldsins virða þó yfirleitt mörk valdheimilda sinna því þeir hafa tilsjón og taumhald með valdmörkum hvers annars. Þetta er besta fyrirkomulag stjórnskipunar í lýðræðisríkjum sem þekkist.

Á sunnudag kusu Tyrkir í þjóðaratkvæðagreiðslu um 18 viðamiklar breytingar á tyrknesku stjórnarskránni. Breytingarnar fólu í reynd í sér kollvörpun á núverandi stjórnskipun landsins. Embætti forsætisráðherra verður lagt niður og völd forsetans verða aukin á kostnað tyrkneska þjóðþingsins sem verður veikt verulega þótt þingmönnum fjölgi. Recep Tayyip Erdoğan forseti Tyrklands verður í þeirri stöðu að geta tilnefnt bæði saksóknara og dómara við tyrkneska dómstóla og forsetinn fær forræði yfir fjárlögum tyrkneska ríkisins. Í raun og veru þýða breytingarnar afnám lýðræðis í núverandi mynd í Tyrklandi eftir 94 ára sögu lýðveldisins. Breytingarnar voru samþykktar með naumum meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslunni en áróðurinn hafði dunið á landsmönnum úr öllum áttum í aðdraganda hennar. Mæling leiddi ljós að í umfjöllun 17 sjónvarpsstöðva í Tyrklandi um þjóðaratkvæðagreiðsluna í byrjun mars fóru um 90 prósent af útsendingartímanum í umfjöllun um „Já“.

Þessar grundvallarbreytingar á tyrkneskri stjórnskipun eiga sér stað minna en ári eftir misheppnað valdarán í landinu sem Erdoğan notaði sem tylliástæðu til að herða enn frekar tökin á fjölmiðlum, dómstólum og akademíu landsins. Hundrað þúsund Tyrkir sitja í fangelsi og 50 þúsund manns misstu vinnuna eftir þessar hreinsanir.

Tímaritið Foreign Policy spurði í fyrirsögn í grein í mars: Er Tyrkland ennþá lýðræðisríki? Niðurstaðan var sú að líklega væri landið enn sem komið er lýðræðisríki. En bara að nafninu til. Ljóst er hins vegar núna að landið er á hraðferð til einræðis.

Íslenska lýðveldið verður 73 ára í sumar og er því 21 ári yngra en það tyrkneska. Sögulegur, menningarlegur og trúarlegur bakgrunnur atburðanna í Tyrklandi er allt annar en bakgrunnur íslenska lýðveldisins. Saga Tyrklands sýnir að það tekur langan tíma að leggja grunn að lýðveldi en stuttan tíma að jarða það og eyða því. Þjóðfélagsskipan sem grundvallast á lýðræði er viðkvæmt blóm sem við þurfum að hlúa að. Öflugasta fyrirbyggjandi aðgerðin til að styrkja stoðir lýðveldisins er að styðja við frelsi ólíkra fjölmiðla, hafa frjóan jarðveg fyrir öflug skoðanaskipti og veita öllum handhöfum ríkisvaldsins stöðugt og kraftmikið aðhald.

**Íslenska lýðveldið verður 73 ára í sumar og er því 21 ári yngra en það tyrkneska.**


## AÐALFUNDUR

Spoex, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga, boða til aðalfundar næstkomandi þriðjudag **25.apríl kl. 17:00.**

Fundurinn verður haldinn á Hótel Reykjavík Natura, Víkingasal 4, Nauthólsvegi 101 Reykjavík.

SPOEX

Hefðbundin dagskrá aðalfundar skv. lögum Spoex:

**Skýrsla formanns**
**Stjórnarkjör**
**Samtal við stjórn**

Gunnar Alexander Ólafsson hagfræðingur heldur fræðsluerindi um breytta greiðsluþátttöku sjúklinga frá og með 1.maí


Halldór




## Frá degi til dags

**Í mál við fjölmiðla**
**Áframhaldandi hræringar eru á fjölmiðlamarkaði. Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, hefur ásamt öðrum fest kaup á DV, Birtingi og Pressunni. Róbert Wessman fór rækilega í hart gegn Bjarna Ólafssyni, ritstjóra Viðskiptablaðsins, árið 2015 vegna fréttar blaðsins þar sem honum þótti fullyrt á forsíðu að hann hefði dregið sér fé frá Actavis. Róbert tapaði málinu fyrir Hæstarétti og þurfti að greiða samtals 2,5 milljónir í málskostnað. Nú er Róbert orðinn eigandi fjölmiðils, því eins og segir upp á ensku: If you can't beat them, join them. Hjá Róberti þýðir það greinilega: Ef þú getur ekki fellt þá, kauptu þá.**

**Hvað næst?**
**Það tekur eigendur fjölmiðla alltaf dágóðan tíma að átta sig á því hversu mikið, eða lítið, þeir geta haft áhrif á fréttaflutning sjálfstæðra blaðamanna. Sagan segir enda að Róbert og félagar vilji reka borgaralegan fjölmiðil. Það þyrfti kraftaverk til að vörumerki DV færi að tengjast borgaralegum gildum í hugum fólks og þá er spurningin hvert peningarnir koma til með að leita á næstu mánuðum. Að minnsta kosti tvö dagblöð eru til sölu á Íslandi, annað stöndugt en dýrt, og hitt halt en falt fyrir lítið fé.**
**snaeros@frettabladid.is**

# Fiskeldi í lokuðum kerfum í sókn



Gísli Sigurðsson
íslenskufræðingur

Einar K. Guðfinnsson, formaður Landssambands fiskeldisstöðva, fyrrverandi ráðherra og forseti Alþingis þar til fyrir skemmstu, skrifar grein í Fréttablaðið 10. apríl og bendir réttilega á að fiskeldi sé mikilvæg leið til að framleiða mat ofan í heimsbyggðina. Gallinn er sá að fiskeldi í opnum sjókvíum mengar með skólpi og matar- og lyfjaafgöngum.

**Missa uppsafnaða hæfileika sína**
Auk þess magnast sjúkdómar upp og berast í villta fiskstofna. Lúsafaraldrar verða líka viðvarandi í kringum sjókvíaeldi og lýsnar drepa sjóbleikju, sjóbirting og gönguseiði laxa í 100-200 km fjarlægð. Loks sleppur fiskur stöðugt úr sjókvíaeldi og sleppilax getur farið upp í ár í allt að 2.000 km fjarlægð þar sem hann hrygnir og blandast villtum stofnum sem veiklast og missa uppsafnaða hæfileika sína til að lifa af.

Gangi núverandi eldisáform hér á landi fram er stutt í að sleppilaxar úr því risaeldi verði fleiri en villtir laxar á Íslandi. Sem þýðir bara eitt: útrýmingu villta laxastofnsins. Við það bætist hrun sjóbleikju- og sjóbirtingsstofna. Þetta hefur nú þegar gerst í kringum opið sjókvíaeldi í Noregi, Skotlandi og Kanada.

**Hægt að stunda laxeldi í lokuðum kerfum**
Það er erfitt að skilja hvernig nokkrum manni dettur í hug að reyna að bæta atvinnuástand í dreifðum byggðum með því að fórna öllum villtum stofnum laxfiska sem ganga til sjávar við Ísland.

Og það verður enn erfiðara að skilja það þegar hægt er að stunda laxeldi í lokuðum kerfum, ýmist á landi eða í sjó, sem hefur ekki þessi neikvæðu umhverfisáhrif. Við þurfum fiskeldi. Bara ekki í opnum sjókvíum.

**Það er erfitt að skilja hvernig nokkrum manni dettur í hug að reyna að bæta atvinnuástand í dreifðum byggðum með því að fórna öllum villtum stofnum laxfiska sem ganga til sjávar við Ísland.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Falleg orð – en fátt um efndir



**Eiríkur Rögnvaldsson**
prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands

Á vef stjórnarráðs Íslands er að finna stefnuyfirlýsingar allra ríkisstjórna sem tekið hafa við völdum undanfarinn aldarfjórðung. Allar hafa þær haft það á stefnuskrá sinni að standa vörð um íslenska tungu þótt yfirleitt hafi ekki þótt ástæða til að hafa um það mörg orð, eins og eftirfarandi tilvitnanir í stefnuyfirlýsingarnar sýna:

- „Að standa vörð um íslenska tungu og þjóðmenningu …“ (1995, 1999)
- „Að standa vörð um íslenska tungu, sögu og þjóðmenningu.“ (2003)
- „Átak verði gert í íslenskukennslu fyrir útlendinga.“ (2007)
- „Tryggja þarf … íslenskukennslu fyrir útlendinga.“ – „Hafin verði vinna við að innleiða tillögur um íslenska málstefnu.“ (2009)

**Miðað við núverandi stöðu Háskólans og gildandi reiknilikan háskólastigsins er ekki von á miklum nýráðningum í íslensku á næstunni, og ný fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018-2022 gefur sannarlega ekki ástæðu til bjartsýni.**

- „Áhersla verður lögð á málvernd … auk rannsókna og fræðslu. Ríkisstjórnin mun vinna að því að auka virðingu fyrir … tungumálinu, innanlands sem utan.“ – „Standa þarf vörð um íslenska tungu, efla rannsóknir á þróun tungumálsins og styrkja stöðu íslensks táknmáls.“ (2013)
- „Efla þarf stuðning við móðurmálskennslu tvítyngdra nemenda, samhliða kennslu íslensku sem annars máls.“ – „Íslenska málsvæðið er lítið og stuðningur því nauðsynlegur. Máltækniverkefni verði haldið áfram í samstarfi við fræðasamfélagið og atvinnulífið.“ (2017)

## Kennurum fækkað um næstum helming

Þótt orðin séu fá hefur enn minna orðið um efndir. Hér skal aðeins nefnt eitt dæmi, en af ýmsu er að taka. Fyrir aldarfjórðungi, árið 1992, voru 15 fastir kennarar í kennslugreininni íslensku við Háskóla Íslands – meðalaldur þeirra var rúm 49 ár. Nú, snemma árs 2017, hefur þeim fækkað niður í 11. Fram til hausts 2020 fara þrír til viðbótar á eftirlaun þannig að í lok þessa kjörtímabils verða ekki nema 8 eftir og meðalaldur þeirra verður tæp 56 ár. Kennurum í íslensku hefur þá fækkað um næstum helming frá 1992. Nemendum í grunnnámi hefur vissulega einnig fækkað frá þeim tíma, en á móti kemur að þá var ekkert doktorsnám. Mikill tími fer í að leiðbeina doktorsnemum þannig að verkefnum kennara hefur síst fækkað.

Hér er ekki gert ráð fyrir að ráðnir verði kennarar í stað þeirra sem fara á eftirlaun á næstu árum. Vitanlega er ekki útséð um það, en miðað við núverandi stöðu Háskólans og gildandi reiknilíkan háskólastigsins er ekki von á miklum nýráðningum í íslensku á næstunni, og ný fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2018-2022 gefur sannarlega ekki ástæðu til bjartsýni. Sú aukning sem þar er gert ráð fyrir til háskólastigsins fer að miklu leyti í hús íslenskunnar sem stendur til að byggja á næstu árum. Það er vissulega mjög kærkomið og löngu tímabært, en hús eitt og sér gerir lítið gagn ef ekkert fólk er innan þess til að sinna rannsóknum og kennslu íslensks máls og bókmennta. Eða eins og skáldið sagði: „Því hvað er auður og afl og hús / ef eingin jurt vex í þinni krús.“





Kemur allt blautt úr uppþvottavélinni? Finnst þér það ekki aðeins hálfunnið verk? Það er þreytandi og hreinn óþarfi að þurfa að láta leirtauið þorna sjálft eftir að það hefur verið tekið úr vélinni eða þá að þurrka það með viskustykki. Hér kemur lausnin á vandanum.

**Bosch uppþvottavélar með Zeolith®-þurrkun skila sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtaui. Jafnvel plastið verður einnig þurrt.**

Leyndarmálið við Zeolith®-þurrkunina felst í því að láta hið náttúrulega steinefni *seólít* soga í sig raka og gefa frá sér hita. Þetta þýðir að uppþvottavélar með Zeolith®-þurrkun lenda í besta orkuflokknum. Og þurrka dásamlega. Svo mælum við sérstaklega með nýju kerfi, 60° C hraðkerfi. Einstaklega hraðvirkt og öflugt.

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Opið virka daga frá kl. 8:30 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



# ALLS KONAR BÆKUR FYRIR




GLÆ NÝ!

Komdu út!
**VILDARVERÐ: 1.999.-**
Verð: 2.499.-




Enginn sá hundinn
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 4.299.-




Finndu lambið í sveitinni
**VILDARVERÐ: 1.999.-**
Verð: 2.499.-







Atlasinn minn: Heimurinn
**VILDARVERÐ: 1.259.-**
Verð: 1.599.-




Vera til vandræða
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.499.-

Úlfur & Edda - Dýrgripurinn
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.999.-

# ALLS KONAR FÓLK!




**Sterkari í seinni hálfleik**
**VILDARVERÐ: 4.499.-**
Verð: 4.999.-




**Drungi**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




**Guð sé oss næstur**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




**Dalalíf 5 - Logn að kvöldi**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




**Undur Mývatns**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Sonur Lúsífers**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




**Í skugga valdsins**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




**Heimför**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




**Ósk**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.299.-




**Aflausn**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




**Ég man þig**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-




**Ævinlega fyrirgefið**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 23. apríl, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## SPÁ 2017

1. ?
2. ?
3. ?
4. ?
5. ?
6. ?
7. ?
8. ?
9. ?
10. ?
11. ?
12. Víkingur Ólafsvík

## Þarf meira en kraftaverk í ár

Íþróttadeild 365 hefur niðurtalningu fyrir nýtt keppnistímabil í Pepsi-deild karla í dag og með árlegri spá sinni um deildina. Spánni verða gerð skil í öllum miðlum okkar – hún birtist fyrst í Fréttablaðinu en verður svo fylgt eftir í ítarlegri útgáfu á Vísi sem og í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Íþróttadeild 365 spáir Víkingi Ó. 12. og neðsta sæti Pepsi-deildarinnar. Ólsarar héldu sér í deildinni í fyrra, þökk sé frábærri fyrri umferð. Þetta er þriðja tímabil Víkings í efstu deild.

Víkingar hafa misst nokkra leikmenn frá því í fyrra en mestu munar um Hrvoje Tokic sem skoraði níu af 23 mörkum Ólsara í fyrra.



Hjörvar Hafliðason, einn sérfræðinga Pepsi-markanna, segir erfitt að ætla að stóla á að Guðmundur Steinn Hafsteinsson fylli skarð Tokic en Víkingar eiga reyndar Þorstein Má Ragnarsson inni en hann er nú frá vegna ökklameiðsla. Hjörvar segir að spáin komi sér ekki á óvart.

„Ef það var kraftaverk að halda liðinu uppi í fyrra verður það eitthvað enn meira og stærra takist það aftur nú,“ sagði Hjörvar.

## Markaðurinn

**KOMNIR**
Guðmundur Steinn Hafsteinsson (ÍBV)
Gunnlaugur Hlynur Birgisson (Breiðablik)
Hörður Ingi Gunnarsson (FH, lán)
Mirza Mujicic (Notodden)

**FARNIR**
Admir Kubat (Þrótti Vogum)
Björn Pálsson (hættur)
Hrvoje Tokic (Breiðabliki)
Kramar Denis (SJK Seinajoki)
Martin Svensson (Danmörku)
Pontus Nordenberg (Nyköpings)
William Domínguez Da Silva

## Þjálfarinn

**Ejub Purisevic**



Ejub er öllum hnútum kunnugur í Ólafsvík enda þjálfað liðið frá 2003, að tímabilinu 2009 frátöldu. Ejub hélt liði í efstu deild í fyrsta sinn í fyrra en það er margt sem bendir til þess að það gæti reynst afar erfitt fyrir hann í ár.

### Þrír sem stólað er á

- Cristian Martinez Liberato
- Kenan Turudija
- Guðmundur Steinn Hafsteinsson

**Besti og versti mögulegi árangur** 1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10. 11. 12.

## Nýjast

**Domino's-deild karla og kvenna**
*Lokaúrslit, 1. leikur*

**KR - Grindavík 98-65**
**Stigahæstir:** Philip Alawoya 22/8 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 16, Kristófer Acox 15 - Dagur Kár Jónsson 17, Lewis Clinch Jr. 15, Þorsteinn Finnbogason 13.

**Snæfell - Keflavík 69-75**
**Stigahæstir:** Aaryn Ellenberg 42/10 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 9/10 fráköst - Thelma Dís Ágústsdóttir 23/10 fráköst, Ariana Moorer 20/15 fráköst/10 stoðs.

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**
*8-liða úrslit, fyrri viðureign*

**Real Madrid - Bayern 4-2**
0-1 Robert Lewandowski, víti (53.), 1-1 Cristiano Ronaldo (76.), 1-2 Sjálfsmark (78.), 2-2 Ronaldo (105.), 3-2 Ronaldo (110.), 4-2 Marco Asensio (112).
**Rautt spjald:** Arturo Vidal, Bayern (84.).
*Real Madrid vann einvígið 6-3.*

**Leicester - Atlético M. 1-1**
0-1 Saúl Níguez (26.), 1-1 Jamie Vardy (61.).
*Atlético vann einvígið 2-1.*











## Einfaldlega bestur



**Þriggja marka maður** Cristiano Ronaldo skoraði þrennu þegar Real Madrid vann 4-2 sigur á Bayern München í seinni leik liðanna í 8-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Real Madrid vann einvígið 6-3 og skoraði Ronaldo fimm af mörkum liðsins. Hann er nú kominn með 100 mörk í Meistaradeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki fara á 80. mínútu

**Barcelona sló út PSG í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir 4-0 tap í fyrri leiknum. Nú þurfa Börsungar að koma til baka eftir 3-0 tap fyrir Juventus.**

**FÓTBOLTI** Barcelona átti endurkomu ársins þegar liðið kom til baka og tryggði sér sæti í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir 4-0 tap fyrir Paris Saint-Germain í fyrri leiknum í 16 liða úrslitunum. Barcelona gerði sér aftur erfitt fyrir með því að tapa fyrri leiknum gegn Juventus í 8 liða úrslitunum 3-0. Spurningin er því hvort Börsungar framkvæmi hið ómögulega, aftur.

Barcelona var í miklum vandræðum í fyrri leiknum og réð illa við fremstu menn Juventus sem er taplaust í Meistaradeildinni í vetur. Ítölsku meistararnir hljóta að hafa farið vel yfir seinni leik Barcelona og PSG og vilja forðast sömu mistök og frönsku meistararnir gerðu.

„Ef við skorum fyrsta markið mun Nývangur skora annað markið. Það þriðja kemur svo af sjálfu sér,“ sagði Luis Enrique, þjálfari Barcelona, á blaðamannafundi í gær. „Ekki fara eftir 80 mínútur,“ varaði hann enn fremur stuðningsmenn við. „Við munum gefa allt sem við eigum til síðustu mínútu. Við eigum þetta kvöld gegn PSG og nú er annað tækifæri að upplifa sögulegt kvöld.“

Í hinum leik kvöldsins mætast tvö af skemmtilegustu, ef ekki þau skemmtilegustu, lið Meistaradeildarinnar í vetur, Monaco og Borussia Dortmund. Fyrri leikurinn fór fram í skugga sprengjuárásar á rútu Dortmund-liðsins. Þjóðverjarnir voru afar ósáttir við vinnubrögð UEFA, Knattspyrnusambands Evrópu, eftir árásina og fannst þeim ekki sýnd nægileg nærgætni.

Monaco vann fyrri leikinn 2-3 og er því í góðri stöðu fyrir þann seinni á Stade Louis II í kvöld.

**Barcelona skoraði þrjú mörk eftir 88. mínútu í 6-1 sigrinum á PSG sem tryggði liðinu áframhaldandi þátttöku í Meistaradeildinni.**

„Við höfum afgreitt atburði síðustu viku. Við höfum stjórn á tilfinningum okkar og erum með fulla einbeitingu yfir þessum leik,“ sagði Thomas Tuchel, stjóri Dortmund, í gær. „Það sem gerðist þjappaði okkur saman og gerði okkur sterkari. Nú þurfum við að spila vel til að komast áfram og ég er sannfærður um að við gerum það.“

Báðir leikirnir hefjast klukkan 18.45 og verða sýndir í beinni útsendingu á sportstöðvum Stöðvar 2. **ingvithor@365.is**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. apríl 2017 | 15. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Afgerandi áhrif krónunnar á afkomu

**Hrein raunávöxtun var neikvæð hjá þremur af fjórum stærstu lífeyrissjóðum landsins á síðasta ári. Gengisáhrif krónunnar til lækkunar á erlendum eignum námu tugum milljarða.** » 4



MYND/GVA

**Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðana árið 2016**

| | |
|---|---|
| LSR | 0,8% ↑ |
| (Lífeyrissjóður verzlunarmanna) | 1,2% ↓ |
| Gildi | 0,9% ↓ |
| Birta lífeyrissjóður | 1,5% ↓ |



»2

## Kaupa Gámaþjónustuna fyrir milljarða króna

Framtakssjóðurinn SÍA III ásamt Jóni Sigurðssyni og Einari Erni Ólafssyni kaupir Gámaþjónustuna. Hlutur Jóns og Einars verður 35%.

»2

## 800 starfsmenn seldu í bankanum

Yfir 800 núverandi eða fyrrverandi starfsmenn Landsbankans ákváðu í fyrra að taka tilboði bankans um að selja hlutabréf sín. Fengu þau gefins árið 2013.

»8

## Sterkari samningshönd

„Það skyldi þó ekki vera að væntur sigur Íhaldsflokksins yrði til að slá botn í þann óróa sem ríkt hefur allt frá atkvæðagreiðslunni fyrir réttum níu mánuðum?“




# Stærsti eigandi United Silicon hættur í stjórninni

Magnús Garðarsson, stærsti eigandi United Silicon í Helguvík, er hættur í stjórn kísilversins. Lögmaðurinn Auðun Helgason sem átti þar einnig sæti fyrir hönd Magnúsar og meðfjárfesta hans, er einnig farinn út. Samkvæmt heimildum Markaðarins er Sigrún Ragna Ólafsdóttir, fyrrverandi forstjóri VÍS, nú fulltrúi Magnúsar á stjórnarfundum ásamt Ingu Birnu Barkardóttur, starfsmanni Alvotech, en þær settust báðar í stjórn félagsins í janúar síðastliðnum.

Samkvæmt tilkynningu United Silicon til hlutafélagaskrár ríkisskattstjóra fór Magnús úr stjórninni þann 6. apríl. Jakob Bjarnason, starfsmaður LBI eignarhaldsfélags (gamla Landsbankans), fór þangað inn á sama tíma og Sigrún og Inga Birna. Heimildir Markaðarins herma að Jakob sé fulltrúi lífeyrissjóða sem fjárfestu í verksmiðjunni og að Arion banki, lánveitandi kísilversins, hafi gert kröfu um uppstokkun í stjórninni sem leiddi til þess að nýju stjórnarmennirnir þrír tóku þar sæti.

Ekki náðist í Magnús Garðarsson við vinnslu fréttarinnar en hann var um tíma starfandi stjórnarmaður verkefnisins. Auðun Helgason er enn stjórnarformaður Geysis Green Capital sem á lóðina í Helguvík þar sem kísilverið er starfrækt. Doron Beeri Sanders er stjórnarformaður United Silicon. Rekstur verksmiðjunnar hefur gengið illa allt frá gangsetningu hennar í nóvember í fyrra og eins og komið hefur fram verið plagaður af mengunaróhöppum og í gær kom upp eldur í byggingunni. – **hg**



**Magnús Garðarsson, stærsti eigandi United Silicon.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

## Haustpróf í verðbréfaviðskiptum 2017

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir haustprófum í verðbréfaviðskiptum sem hér segir:

**Próf úr I. hluta**

| | |
|---|---|
| 28. ágúst 2017 | Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar. Ágrip úr réttarfari. |
| 29. ágúst 2017 | Viðfangsefni úr fjármunarétti, Félagaréttur, Ábyrgðir. |
| 30. ágúst 2017 | Viðskiptabréfareglur, Veðréttindi, Þinglýsingar |

**Próf úr II. hluta**

| | |
|---|---|
| 4. september 2017 | Grunnatriði í fjármálafræðum. |
| 5. september 2017 | Grunnatriði í þjóðhagfræði. |
| 6. september 2017 | Greining ársreikninga. |

**Próf úr III. hluta**

| | |
|---|---|
| 11. september 2017 | Lög og reglur á fjármálamarkaði. |
| 12. september 2017 | Viðskiptahættir. |
| 13. september 2017 | Verðbréf, afleiður og gjaldeyrir. |
| 14. september 2017 | Fjárfestingarferli. |

Próftími er 4 klukkustundir og tímasetning hvers prófs er 16:00-20:00.

Prófsefni er tilgreint í prófsefnislýsingu prófnefndar verðbréfaviðskipta. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstaka prófum. Prófsefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar verðbréfaviðskipta á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis:
http://www.fjarmalaraduneyti.is/raduneytid/nefndir/nr/16884

Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Skráning í haustprófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans í HR:
http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefavidskiptum/

**Skráningu í haustpróf lýkur 19. júní 2017.**

Prófgjald vegna haustprófa er kr. 17.500 fyrir hvert próf. **Vakin er athygli á að haustpróf verður ekki haldið nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í viðkomandi próf,** sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Haustprófin verða haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, framkvæmdaraðila verðbréfaviðskiptaprófs veturinn 2016-2017.

Tilkynning um þau haustpróf sem verða haldin verður send út til skráðra próftaka 26. júní 2017.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir út vegna prófa sem verða haldin. Skráning í próf er bindandi og og greiðsluseðlar verða ekki felldir niður.

*Reykjavík, 19. apríl 2017.*
*Prófnefnd verðbréfaviðskipta*




**Heildarvelta Gámaþjónustunnar og dótturfélaga hennar á árinu 2015 var 4,45 milljarðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lífeyrissjóðir að kaupa Gámaþjónustuna

Verið er að ganga frá sölu á Gámaþjónustunni en auk SÍA III, 13 milljarða framtakssjóðs í rekstri Stefnis, standa þeir Einar Örn Ólafsson og Jón Sigurðsson að kaupunum. Hlutur Einars Arnar og Jóns í Gámaþjónustunni verður um 35%.

Framtakssjóður á vegum Stefnis ásamt Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra FL Group, og Einari Erni Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, er að ganga frá kaupum á Gámaþjónustunni og dótturfélögum hennar fyrir milljarða króna. Jón og Einar Örn verða með um 35 prósenta hlut í félaginu sem stendur að baki kaupunum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Stærsti hluthafi Gámaþjónustunnar er Benóný Ólafsson, sem stofnaði fyrirtækið 1983, með ríflega 60 prósenta hlut en aðrir hluthafar áttu í árslok 2015 allir minna en 3,7 prósent í félaginu. Gámaþjónustan hefur verið leiðandi fyrirtæki í flokkun og endurvinnslu úrgangs allt frá því að það hóf starfsemi en á árinu 2015 nam heildarvelta samstæðunnar liðlega 4,45 milljörðum. Þá var EBITDA-hagnaður fyrirtækisins – afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og opinber gjöld – um 524 milljónir og helst nánast óbreyttur frá fyrra ári.

Það er Framtakssjóðurinn SÍA III sem leiðir kaupin á Gámaþjónustunni en fyrirtækið var sett í söluferli á síðasta ári, samkvæmt heimildum

**524**

**milljónir var EBITDA-hagnaður Gámaþjónustunnar árið 2015.**

Markaðarins. SÍA III er tæplega 13 milljarða framtakssjóður sem sjóðastýringarfyrirtækið Stefnir, dótturfélag Arion banka, kom á fót sumarið 2016. Hluthafar í sjóðnum eru um 40 talsins og samanstanda af lífeyrissjóðum, tryggingafélögum og öðrum fagfjárfestum. Kaupin á Gámaþjónustunni eru önnur fjárfesting sjóðsins en í október í fyrra var tilkynnt um að SÍA III væri á meðal innlendra og erlendra fjárfesta sem fjármagna uppbyggingu lúxushótelsins Marriott EDITION við Hörpu.

Ekki hefur verið birtur ársreikningur fyrir 2016 en samkvæmt heimildum Markaðarins jókst EBITDA fyrirtækisins á milli ára. Gróflega má áætla að heildarkaupverðið – eigið fé og yfirtaka á skuldum – sé um 3,5 til 4 milljarðar króna. Heildarskuldir Gámaþjónustunnar voru um 3,6 milljarðar í árslok 2015 – þar af voru skuldir við lánastofnanir 2,35 milljarðar – en heildareignir fyrirtækisins ríflega sex milljarðar króna.

Jón Sigurðsson stýrir fjárfestingum Helgafells eignarhaldsfélags sem er í jafnri eigu Bjargar Fenger, eiginkonu Jóns, Ara Fenger og Kristínar Fenger Vermundsdóttur en í lok árs 2015 námu eignir fjárfestingarfélagsins yfir tveimur milljörðum. Félagið er meðal annars í hópi stærstu hluthafa TM og N1 en Jón hefur setið í stjórn olíufélagsins frá árinu 2014. Jón hætti störfum hjá fjármálafyrirtækinu GAMMA Capital Management fyrir meira en ári en þar áður hafði hann verið forstjóri FL Group (síðar Stoðir) á árunum 2007 til 2010.

Einar Örn er jafnframt á meðal stærstu hluthafa TM en fjárfestingarfélag hans Einir ehf. á 2,76 prósent í tryggingafélaginu. Hann var kjörinn í stjórn TM á aðalfundi félagsins í liðnum mánuði en fjárfestingarfélögin Einir og Helgafell, sem Jón stýrir, eiga samanlagt ríflega níu prósenta hlut í TM. **hordur@frettabladid.is**

# Yfir 800 starfsmenn seldu í bankanum

Um 830 núverandi eða fyrrverandi starfsmenn Landsbankans, sem fengu hlutabréf í bankanum gefins árið 2013, ákváðu í fyrra að taka tilboði fyrirtækisins um að selja hlutabréf sín fyrir um alls 1.391 milljón króna. Langflestir þeirra seldu bankanum bréf sín í september eða þegar endurkaupaáætlun fyrirtækisins hófst.

Bankaráð Landsbankans ákvað í september 2016 að bankinn myndi kaupa eigin hluti í bankanum í samræmi við samþykkt aðalfundar í apríl í fyrra. Endurkaupin skyldu nema allt að 480 milljónum hluta eða tveimur prósentum af útgefnu hlutafé bankans.

Markmiðið með endurkaupunum var að lækka eigið fé og gefa hluthöfum tækifæri til að selja hluti sína sem þeim hafði áður verið óheimilt að gera.

Samkvæmt ársreikningi Landsbankans fyrir 2016 fækkaði hluthöfum um 832 frá árslokum 2015 til loka 2016. Þá hafði bankinn keypt 133,5 milljónir eigin hluta á meðalverðinu 10,42 á hlut að heildarfjárhæð 1.391 milljón króna. Enginn af framkvæmdastjórum bankans seldi.

Þriðju og síðustu lotunni í endurkaupaáætlun bankans lauk 24. febrúar og keypti hann þá alls 8.509.625 hluti á genginu 10,62. Hluthafar bankans seldu þá bréf í félaginu fyrir rétt rúmar 90 milljónir króna. – **hg**



**Heimild til kaupa á eigin hlutum í Landsbankanum var veitt á aðalfundi hans í apríl í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Mazda bílar eru hannaðir
af ástríðu, hvert einasta
smáatriði vel ígrundað og
úthugsað. Hönnuðir Mazda
leggja hjarta sitt og sál í
að hanna bíla sem uppfylla
ströngustu kröfur þínar
um þægindi, akstursupplifun,
gæði og öryggi.
ELSKAÐU AÐ KEYRA
MAZDA CX-5
MAZDA CX-5 AWD
mazda
Brimborg
Bíldshöfða 8 S. 515 7000
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is



Gengisáhrif krónunnar til lækkunar á erlendum eignum lífeyrissjóðanna námu tugum milljarða á síðasta ári en þá styrktist gengi krónunnar um rúm 18 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þungt ár fyrir lífeyrissjóði landsins

**Þrír af fjórum stærstu lífeyrissjóðum landsins voru með neikvæða raunávöxtun á síðasta ári. LSR skilaði jákvæðri ávöxtun. Sterkt gengi krónunnar hafði afgerandi áhrif á afkomu sjóðanna. Sjóðirnir stefna að því að auka umsvif sín erlendis á komandi misserum.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Afkoma stærstu lífeyrissjóða landsins á síðasta ári olli vonbrigðum. Hrein raunávöxtun var neikvæð hjá þremur af fjórum stærstu lífeyrissjóðum landsins, sem eru með meira en helming heildareigna allra lífeyrissjóða landsins. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) var eini sjóðurinn sem skilaði jákvæðri ávöxtun á árinu 2016. Stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE) segir umhverfið sem sjóðunum var skapað ekki hafa verið hagfellt á síðasta ári. Gengisáhrif krónunnar til lækkunar á erlendum eignum LIVE námu 21,2 milljörðum króna.

Hrein raunávöxtun dróst verulega saman hjá LSR, Gildi, LIVE og Birtu milli ára og nam milli -1,5 og 0,8 prósentum árið 2016, samanborið við 6,5 til 10,2 prósent árið áður.

Hrein raunávöxtun LSR árið 2016 nam 0,8 prósentum, samanborið við 6,5 prósent á síðasta ári, en meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm árin nam 6,3 prósentum. Hrein raunávöxtun hjá Gildi lífeyrissjóði var neikvæð um 0,9 prósent árið 2016, en var jákvæð um 7,7 prósent árið 2015. Á síðustu fimm árum nam meðaltalið 5,7 prósentum.

Hrein raunávöxtun dróst mest saman af öllum sjóðunum hjá LIVE og var neikvæð um 1,2 prósent árið 2016, samanborið við að vera jákvæð um 10,2 prósent árið áður. Á síðustu fimm árum nam meðaltalið 6,4 prósentum. Hjá Birtu lífeyrissjóði nam hrein raunávöxtun -1,5 prósentum, samanborið við 8,5 prósent árið áður. Meðaltal síðustu fimm ára nam 5,3 prósentum.

Styrking krónunnar hafði umtalsverð áhrif á ávöxtun erlendra eigna lífeyrissjóðanna á liðnu ári, en krónan styrktist um 18,4 prósent á tímabilinu. Gengisáhrif krónunnar til lækkunar á erlendum eignum LIVE námu 21,2 milljörðum króna á árinu 2016. Þetta kom fram í máli Guðmundar Þ. Þórhallssonar, framkvæmdastjóra sjóðsins, þegar hann flutti yfirlit um afkomuna á árinu 2016 á ársfundi sjóðsins.

### Umhverfið ekki hagfellt

„Síðasta ár var þungt og ekki eins og vonir stóðu til. Það liggur í hlutarins eðli að við erum sterk í hlutabréfum og ávöxtun í hlutabréfasafninu var undir væntingum á síðasta ári og við það bætist þessi styrking krónunnar sem skilar því að erlendar eignir okkar eru í neikvæðum tekjum á síðasta ári,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, stjórnarformaður LIVE.

„Þetta er eðli svona safna að þau fara upp og þau fara niður og þá er gríðarlega mikilvægt að við erum langtímafjárfestir og lítum á lengri sögu en bara tólf mánaða. Niðurstaða síðasta árs olli vonbrigðum, en sem betur fer eru þau vonbrigði ekki bara bundin við okkar sjóð heldur við kerfið í heild sinni og við erum ekki með lakari niðurstöður en hinir sjóðirnir.“

Hún segir umhverfið sem þeim var skapað ekki hafa verið hagfellt á síðasta ári. „Það er gríðarlega mikilvægt að við festum okkur ekki í

| Lífeyrissjóður | LSR | | GILDI | BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR |
|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun á árinu 2016 | 0,8% ↑ | 1,2% ↓ | 0,9% ↓ | 1,5% ↓ |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ár | 6,3% | 6,4% | 5,7% | 5,3% |
| Sjóðfélagalán | 18,7 milljarðar | 31,6 milljarðar | 7,3 milljarður | 18 milljarðar |
| Breyting milli ára | ↑ 156% | ↑ 640% | ↑ 234% | ↑ 15% |

### Fjórir stærstu með yfir 2.000 milljarða eignir



# Fólk
## Viðburðir

MIÐVIKUDAGUR 19. APRÍL 2017




Skipuleggjendur hátíðarinnar eru f.v.: Ólafur Páll Gunnarsson, Henný María Frímannsdóttir og Tómas Ragnarsson. Hún er nú haldin í fjórða sinn. MYND/STEFÁN

# Heimilislegt er lykilorðið

Heima er líklega heimilislegasta tónlistarhátíð landsins. Flestir tónleikarnir fara fram í heimahúsum í Hafnarfirði þar sem fjöldi listamanna kemur fram í kvöld. Þetta er í fjórða skiptið sem tónlistarhátíðin er haldin í bænum. →2



**50 ár verða liðin frá opnun Norræna hússins á næsta ári. Að því tilefni er nú verið að rifja sögu þess upp.**

Viðburðir →4




Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun

Framhald af forsíðu ➪

Tónlistarhátíðin Heima hefst í Hafnarfirði í dag, síðasta vetrardag. Þetta er fjórða skiptið sem hátíðin er haldin en hún er hluti af Björtum dögum, fyrstu bæjarhátíð sumarsins, sem haldin er í Hafnarfirði dagana 19.-23. apríl. Heima hefur fest sig í sessi sem skemmtileg og öðruvísi tónlistarhátíð enda er boðið upp á aðra upplifun og meiri nánd en gestir og listamenn eiga að venjast, að sögn Ólafs Páls Gunnarssonar, eins af þremur skipuleggjendum hennar. „Sem fyrr munu nokkrar fjölskyldur opna heimili sín í miðbæ Hafnarfjarðar en á hverju þeirra munu tveir listamenn eða hljómsveitir koma fram. Fríkirkjan í Hafnarfirði hefur ákveðið að opna dyr sínar fyrir okkur auk þess sem sviðið í Bæjarbíói verður notað eins og stofa þar sem tónleikagestir umkringja listamennina á sviðinu og þeir snúa baki í salinn.“ Auk Ólafs koma þau Henný María Frímannsdóttir og Tómas Ragnarsson að skipulagi hátíðarinnar.

## Hugmynd frá Færeyjum

Ólafur segir hugmyndina fengna að láni frá frændum okkar Færeyingum. „Fólkið sem stendur að G! Festival í Færeyjum setti á laggirnar Hoyma í Götu í Færeyjum haustið 2013. Einn af aðstandendum Hoyma, Jón Tyril, sagði okkur Kristni Sæmundssyni (Kidda í Hljómalind) frá þessari skemmtilegu hugmynd á Airwaves sama ár. Við ákváðum þá að setja upp Heima í Hafnarfirði og nú er hátíðin haldin í fjórða sinn. En Færeyingar voru ekki að finna upp hjólið vegna þess að þeir fengu hugmyndina frá Listahátíð í Reykjavík nokkrum árum fyrr. Hvaðan Listahátíð fékk hana veit ég ekki, en það hefur þekkst í aldir að flutt sé músík heima í stofu.“

## Allir spila tvisvar

Heima er líklega heimilislegasta tónlistarhátíð landsins enda fara flestir tónleikarnir fram í heimahúsum. „Allir tónleikar eru í kringum 40 mínútur og allir spila tvisvar og á tveimur stöðum, í tveimur mismunandi húsum. Fólkið sem býður heim til sín býður líka flest upp á einhvers konar veitingar, snakk og drykki. Heimilislegt er lykilorðið.“

Hann segir alla listamenn sem koma fram vera sérstakt og gott fólk og auðvitað sé alltaf lögð áhersla á að hafa Hafnfirðinga með. „Hafnfirðingarnir í ár eru Sóley, Marteinn Sindri, Andrés Þór tríó og Auður. Svo hafa færeyskir tónlistarmenn alltaf verið með enda Færeyjar fullar af frábæru tónlistarfólki.“ Auk fyrrnefndra listamann koma fram Gunnar Þórðarson, Soffía Björg, Helgi Hrafn Jónsson, Skítamórall, Bambaló, Kött Grá Pje, Lay Low, Kronika, Konni Kass og Heidrik.

**„Allir tónleikar eru í kringum 40 mínútur og allir spila tvisvar og á tveimur stöðum, í tveimur mismunandi húsum. Fólkið sem býður heim til sín býður líka flest upp á einhvers konar veitingar, snakk og drykki.** Ólafur Páll Gunnarsson

Aðstandendur Heima vilja sjá hátíðina þroskast og eflast í rólegheitunum næstu árin. „Við höfum séð hvernig hátíðir á borð við Eistnaflug í Neskaupstað, Aldrei fór ég suður á Ísafirði og Bræðsluna á Borgarfirði eystri hafa þróast á undanförnum árum. Við viljum sjá Heima þróast í Hafnarfirði með sambærilegum hætti á næstu árum og verða árlegur og spennandi viðburður í öflugri tónlistarflóru landsins.“

## Útvarpað á Rás 2

Sem fyrr segir er Heima hluti af Björtum dögum sem hefjast í dag. Sumardeginum fyrsta verður fagnað á Víðistaðatúni á morgun, söfn og vinnustofur listamanna verða opnar upp á gátt á föstudagskvöld og Bræðralag, stórtónleikar Friðriks Dórs og Jóns Jónssonar í samstarfi við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Lækjarskóla, verða haldnir á laugardaginn þar sem um 200 manna hljómsveit mun flytja þréttán lög þeirra bræðra.

Heima verður sett með stuttri athöfn í anddyri Bæjarbíós kl. 19.00 í dag og þar munu handhafar aðgöngumiða fá armbönd afhent og kort af hátíðarsvæðinu, Heimahúsunum sem spilað er í og dagskrá. Fyrstu Heima-tónleikarnir hefjast kl. 20 og þeim síðustu lýkur um kl. 23. Rás 2 verður á staðnum og mun útvarpa hluta dagskrárinnar.

Miðasala fer fram á tix.is og nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Heima tónlistarhátíð.



**Listamenn koma sér fyrir á ólíklegustu stöðum, t.d. við stiga heimilisins.** MYND/MUMMI LÚ



**Ekkert er slegið af fjörugri sviðsframkomu þótt spilað sé í stofunni.** MYND/MUMMI LÚ



**Heimamenn skreyta og merkja með sínum hætti.** MYND/MUMMI LÚ








Frábært úrval af glæsilegum sumar-tilboðum!
Stærðir 36-56
Gleðilegt SUMAR!
Fullt af FRÁBÆRUM tilboðum í Zik Zak í Kringlunni og á Glerártorgi
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL ÁÐUR 8.990 NÚ 4.990 st.S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 7.990 NÚ 4.990 st.42-56
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.42-56
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st.42-56
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st.42-56
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Gestum boðið að deila reynslu og minningum

**50 ár verða liðin frá opnun Norræna hússins 2018. Af því tilefni er nú verið að rifja sögu þess upp.**

Ákveðið hefur verið að efna til opinna húsa í Norræna húsinu á miðvikudagskvöldum næstu vikur og mánuði og verður gestum og gangandi boðið að deila reynslu sinni úr húsinu og rifja upp gamla tíma. Þeim gefst kostur á að skoða gömul skjöl, sýningarskrár og hinar ýmsu ljósmyndir. Opnu húsin standa út júní og verða svo tekin aftur upp haust.

„Það er fólkið sem skapar söguna,“ segir í tilkynningu frá Norræna húsinu. „Til er fjöldinn allur af gömlum ljósmyndum, skjölum og sýningarskrám í kössum. Þessa kassa á að opna, skoða og greina hvaða saga og minningar finnast í þeim, skrásetja hvaða fólk er á myndunum og heyra hvernig það var að vera í Norræna húsinu á þeim tíma sem myndin var tekin. Þannig verða gögnin verðmætari og við verðum margs vísari um fólkið og sögurnar sem húsið geymir.“

> **»** **Starfsfólk Norræna hússins hvetur þá sem eiga minningar úr húsinu að deila þeim.**

Starfsfólk Norræna hússins hvetur þá sem eiga minningar úr húsinu til að deila þeim: „Ef þú ert einn af þeim sem eiga minningar úr Norræna húsinu hvort sem þær eru skemmtilegar, alvarlegar, spennandi eða vandræðalegar viljum við gjarnan fá að heyra þær. Við viljum einnig taka söguna þína upp á myndband svo hún geti lifað áfram í skjalasafni hússins og orðið hluti af lifandi sögu hússins. Vel valdar sögur munu svo verða hluti af afmælissýningu Norræna hússins á næsta ári.“



Þema apríl er 1960+, í maí er það 1970+.

Fyrsta opna húsið var haldið þann 5. apríl og þá var skjalasafnið formlega opnað. Þemað fyrir apríl er sjöundi áratugurinn (1960+). Þeir sem eyddu tíma í húsinu á þeim tíma fylgdust með byggingu þess og langar að hjálpa til við að fara í gegnum myndir og gögn frá þeim tíma eru sérstaklega velkomnir.

Framvegis verða svo opnaðir nýir kassar í hverjum mánuði sem hér segir: maí: 1970+, júní: 1980+, september: 1990+, október: 2000+ og nóvember: 2010. Í desember verður svo spáð í framtíðina og framtíðarhlutverk hússins.

Opnu húsin standa frá kl. 19-21.








# Gott með kvöldkaffinu

Sætindaþörfin segir oft til sín eftir kvöldmat. Þá er gott að geta skellt í fljótlegan og nánast hollan eftirrétt. Hráefnin eru til á flestum heimilum og því jafnvel ekki þörf á að fara út í búð. Hér er að mestu leyti slumpað og því hægt að laga hlutföllin að smekk.



**1 grænt epli, smátt skorið**
**1-2 tsk. kanill**
**50 g smjör**
**2 dl haframjöl**
**50 g 70% súkkulaði, saxað**
**Möndluflögur, heslihnetuflögur, salthnetur eða aðrar hnetur sem eru til**
**Kókosflögur eða kókosmjöl**
**Þeyttur rjómi**

Skerið eplin í hæfilega bita. Bræðið smjör í potti. Bætið haframjölinu við og hrærið þar til það er blautt í gegn. Hér er hægt að bæta við smá sykri, hlynsírópi eða annarri sætu en það er í raun óþarfi. Súkkulaðið, kanillinn og bökuðu eplin gefa alveg nægilega sætu.

Dreifið eplunum í botninn á eldföstu móti, sáldrið kanil yfir. Hellið haframjölsblöndunni yfir eplin. Dreifið súkkulaði yfir ásamt hnetum að eigin vali. Skreytið með kókosflögum.

Bakið við 180 gráður þar til hneturnar og kókosinn taka á sig gylltan lit. Berið fram með þeyttum rjóma.

# Sumardekk

MIÐVIKUDAGUR 19. APRÍL 2017

Kynningar: Dekkjasalan Ni



Valdimar Sigurjónsson, eigandi Dekkjasölunnar, ásamt starfsfólki sínu, Mantas, Jósef, Ástþóri, Donatas, Egidijus og Sigrúnu. MYND/GVA

# Ótrúlegt úrval af felgum hjá Dekkjasölunni

Dekkjasalan ehf., Dalshrauni 16, Hafnarfirði, býður mikið úrval sumardekkja fyrir allar tegundir bíla. Auk þess fæst þar landsins mesta úrval af felgum. Það var mikið að gera í gærmorgun hjá Dekkjasölunni, enda vilja ökumenn skipta yfir á sumardekkin strax eftir páskahátíðina. →2

Framhald af forsíðu ➪

Valdimar Sigurjónsson, eigandi Dekkjasölunnar, segir að törnin byrji alltaf af alvöru eftir páska. „Það er alveg sama hvenær páskarnir eru, dagarnir á eftir eru mjög annasamir. Við leggjum metnað okkar í að leysa hratt og vel úr öllum þeim verkefnum sem koma til okkar," segir hann.

„Fyrirtækið hefur tekið miklum breytingum frá því það var stofnað fyrir sjö árum. Þá voru bílarnir tjakkaðir upp úti á plani og ein dekkjavél inni á gólfi. Árið 2014 var húsnæðið tvöfaldað og við opnuðum fullbúið dekkjaverkstæði með tvennum innkeyrsludyrum. Núna í vetur var öllu gjörbreytt innandyra og þriðju innkeyrsludyrunum bætt við, afgreiðslan var færð, búin til ný setustofa fyrir viðskiptavini ásamt því að reistur var sýningarveggur fyrir felgur," útskýrir Valdimar.

### Stóraukið úrval

„Felgurnar eru alltaf að verða stærri hluti af okkar starfsemi," bætir hann við. „Í vetur höfum við bætt verulega við úrvalið af felgum og aukahlutum sem þeim tengjast svo sem felguboltum og róm, miðjulokum, miðjuhringjum og fleira í þeim dúr. Ætli við getum ekki státað af því að vera með landsins mesta úrval af felgum. Við erum með eitthvað á áttunda hundrað tegundir af nýjum felgum ásamt því að úrvalið í notuðum er líka töluvert.

Þó að við höfum stóraukið úrvalið af nýjum felgum höfum við ekki gleymt einu af okkar aðalsmerkjum í gegnum tíðina sem er pólýhúðun á felgum. Við eigum mikið af dekkjum á felgum sem við lánum fólki á meðan verið er að pólýhúða svo ekki þurfi að leggja bílnum á meðan. Þannig losna viðskiptavinir Dekkjasölunnar við allt vesen og umstang sem annars fylgir þessari aðgerð. Svo eigum við mikið af pólýhúðuðum felgum á lager þannig að ef þú ert á sams konar felgum þá færðu þær undir og við tökum þínar gömlu og pólýhúðum þær fyrir þann næsta sem kemur," greinir Valdimar frá.

### Dekk frá mörgum framleiðendum

„Það sem hefur breyst á síðustu árum í sambandi við felguskipti er að allir bílar framleiddir frá og með árinu 2014 þurfa að hafa búnað sem lætur vita ef loftþrýstingur lækkar í dekkjunum. Í flestum bílum eru þetta skynjarar sem eru staðsettir við loftventilinn á hverju dekki en í öðrum bílum er þessi búnaður í ABS-kerfinu. Við höfum komið okkur upp fullkomnu tölvukerfi sem les og forritar nýja skynjara sem fást auðvitað hér á hagstæðu verði. Þannig getum við auðveldlega leyst úr því þegar fólk vill eiga sumar- og vetrardekk á felgum.

Þegar kemur að sjálfum dekkjunum þá bjóðum við upp á dekk frá mörgum framleiðendum. Það sem skiptir okkur máli er að leiðbeina fólki vandlega um það hvaða dekk henta akstri þess og aðstæðum.

### Þjónusta bílaleigubíla

Við þjónustum eitthvað á annað þúsund bílaleigubíla og höfum notað það tækifæri vandlega til að skrá niður kílómetra á endingu á dekkjum ásamt öðrum upplýsingum er varða akstur við íslenskar aðstæður. Núna erum við komin með góðan gagnagrunn yfir hvaða dekk henta hvaða bílum, miðað við þá notkun sem þeir eru ætlaðir í, og leiðbeinum fólki í samræmi við það.

Með því að vera ekki háð neinu einu vörumerki höfum við á Dekkjasölunni frjálsar hendur til að meta hvað hentar fólki best og getum verið mjög hreinskilin um það hvað það er sem sameinar gæði og gott verð í hverju tilfelli fyrir sig," segir Valdimar.



Valdimar Sigurjónsson, eigandi Dekkjasölunnar, segist vera með eitt besta úrval landsins af felgum. MYND/GVA

> Árið 2014 var húsnæðið tvöfaldað og við opnuðum fullbúið dekkjaverkstæði með tvennum innkeyrsludyrum. Núna í vetur var öllu gjörbreytt innandyra og þriðju innkeyrsludyrunum bætt við.
>
> Valdimar Sigurjónsson

### Hræðast ekki samkeppni

Valdimar var spurður hvaða áhrif koma Costco á markaðinn kynni að hafa á starfsemi Dekkjasölunnar.

„Hvað Dekkjasöluna varðar þá erum með stóran hóp af tryggum viðskiptavinum sem koma aftur og aftur. Þessi hópur hefur stækkað með hverju árinu sem líður þrátt fyrir að hér í nágrenninu séu nokkur stór hjólbarðaverkstæði og Dekkjasalan hafi ekki auglýst mikið í gegnum tíðina. Ég held að það sé vegna þess að hér fær fólk góða þjónustu á sanngjörnu verði og það spyrst út."

Upplýsingar, verð og myndir af öllum dekkjum og felgum Dekkjasölunnar er að finna á heimasíðunni, dekkjasalan.is.

Vöruhús Dekkjasölunnar er að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði. Opið er frá klukkan 8 til 18 virka daga og frá klukkan 10 til 14 á laugardögum. Símanúmerið er 587-3757 og einnig er hægt að hafa samband gegnum tölvupóst á netfangið dekkjasalan@dekkjasalan.is

# Rall er mögnuð íþrótt

**Ásta Sigurðardóttir var valin akstursíþróttakona ársins 2016 en hún státar af þremur Íslandsmeistaratitlum.**

Ásta hefur í mörg horn að líta. Auk þess að keppa í ralli er hún við nám í búfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. „Ég veit ekkert betra en að vera úti í náttúrunni, innan um dýr og stefni á að verða bóndi í framtíðinni, vonandi kúabóndi. Eins og stendur er ég í verknámi og bý á bóndabæ í tvo mánuði og læri á sveitina. Allir dagar hefjast á mjöltum, kálfaknúsi og ýmsum verkum, bæði í fjósi og fjárhúsi og svo bíð ég auðvitað spennt eftir sauðburði."

Ásta var 16 ára þegar hún keppti í ralli í fyrsta sinn og þá varð ekki aftur snúið. „Bræður mínir hafa keppt í ralli í mörg ár og ég kynntist íþróttinni í gegnum þá. Fyrsta rallið mitt var vorið 2006 svo þetta er ellefta árið mitt. Ég eignaðist minn eigin rallýbíl 2008 og keppti aðeins á honum það ár. Ég tók þátt í Íslandsmóti 2009 og hef svo tekið aðeins í stýrið síðan þá en hef þó oftar keppt sem aðstoðarökumaður og er öllu flinkari þeim megin í bílnum. Við Daníel bróðir minn höfum keppt langmest saman en ég hef einnig keppt með hinum bróður mínum, Marra. Við Danni urðum Íslandsmeistarar 2006 og 2007 og 2016."



> „Rall er eins og flest annað í lífinu, betra að vera í góðu líkamlegu formi en andlega hliðin er líka mikilvæg."

**Hvað heillar þig við þessa íþrótt?** „Rall er algjörlega mögnuð íþrótt. Ég veit ekki um neina íþrótt þar sem samvinna skiptir jafn miklu máli. Ég þarf að treysta ökumanninum mínum til að keyra með mig á yfir 200 km hraða á malbiki, malarvegi eða jafnvel í snjó og ökumaðurinn þarf að treysta hverju einasta orði sem ég segi. Ef ég segi flatt yfir hæð þá þarf hann að treysta mér og nótunum sem ég les, hverri beygju, hverri kílómetratölu."

> Ég þarf að treysta ökumanninum til að keyra með mig á yfir 200 km hraða á malbiki, malarvegi eða jafnvel í snjó og ökumaðurinn þarf að treysta hverju einasta orði sem ég segi.
>
> Ásta Sigurðardóttir

**Hvernig heldur þú þér í góðu formi fyrir keppnir?** „Rall er eins og flest annað í lífinu, betra er að vera í ágætu líkamlegu formi en andlega hliðin er ekki síður mikilvæg. Fyrir keppnir tek ég sykur út úr mataræðinu en mér finnst hann skemma fyrir mér einbeitinguna. Þótt það takist sjaldnast reyni ég að sofa mikið og vel fyrir keppni. Hugarástand, undirbúningur og einbeiting skiptir ótrúlega miklu máli."

**Hvað þarf góður rall-ökumaður að hafa til að bera?** „Það er ótalmargt sem þarf að haldast í hendur. Þú þarft að vera flinkur að keyra, vera djarfur og fljótur að bregðast við ýmsum aðstæðum sem upp koma á hverri sérleið. Það skiptir hins vegar engu máli hversu flinkur þú ert nema þú getir keyrt og hlustað á kóarann þinn um leið og meðtekið það sem hann segir. Enginn getur munað hvaða beygjur og blindhæðir eru á einni sérleið og því skiptir góður kóari öllu máli, og að hlusta á hann."

**Í hvaða keppnum hefur þú tekið þátt erlendis?** „Ég keppti fyrst í útlöndum 2007 og við tókum nokkrar keppnir í Bretlandi. Árið 2010 tókum við heilt tímabil í BRC og kláruðum 5 af 6 keppnum víðs vegar um Bretland. Ég varð Evo Challenge meistari það árið. Við kepptum á Mitsubishi Lancer Evolution X og Evo Challenge var keppni innan Bresku meistarakeppninnar milli bíla af gerðinni Evolution. Eftir það tókum við hlé á útlöndunum þangað til núna í mars þegar við fórum út til Finnlands og kepptum á bíl sem Danni keypti nýlega sem er af gerðinni Skoda Fabia S2000 og er framleiddur sem rallýbíll. Rallið var í snjó og fyrsta svoleiðis rallið sem við keppum í og var algjörlega geggjað. Þá er keppt á mjóum dekkjum með stórum nöglum.

**Hvaða bíll er í uppáhaldi hjá þér?** „Ég er miklu meiri rallý-stelpa en almenn bílastelpa. Ég hef t.d. einu sinni farið á Bíladaga á Akureyri en það er eitthvað sem fólki finnst oft ansi skondið, fyrir utan að ég fór bara til að eltast við sætan strák en ekki bílana! Auðvitað fylgist ég með hinu og þessu og finnst ægilega gaman að horfa á drift sem rísandi íþrótt á Íslandi. Ég hef líka gaman af sporti þar sem ökumenn þurfa virkilega að hafa hæfileika og það finnst mér sjarmerandi. Annars er ég mikil Evo-stelpa, enda var það fyrsti rallýbíllinn sem við kepptum á en hann var af gerðinni Evolution 6. Síðan þá hef ég keppt á 5, 7, 8, 9 og 10 þannig að það eru ófáir sem maður hefur setið í."

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is

# Mikil hagræðing og þægindi

**N1 kappkostar að bjóða dekk og felgur sem uppfylla óskir og þarfir bíleigenda. Mikil hagræðing og þægindi eru fólgin í því að eiga tvö sett af felgum og það kostar lítið að geyma dekkin hjá N1.**

Það er mikil hagræðing og þægindi fólgin í því að eiga tvö sett af felgum, segir Dagur Benónýsson, rekstrarstjóri þjónustuverkstæða N1. Þannig tekur t.d. mun styttri tíma að skella felgum undir bílinn bæði vor og haust heldur en að láta umfelga hann. „Auk þess er mun ódýrara að hafa dekkin klár á felgum og skrúfa þau bara undir bílinn. Þannig borgar aukafelgusett sig upp á tiltölulega skömmum tíma. Í nágrannalöndum okkar þekkjast ekki þessar umfelganir á bæði vorin og haustin. Þar eru nánast allir með dekkin klár á felgum og panta tíma þegar þeir vilja fá dekkin undir.“

Bíleigendur geta geymt dekkin á dekkjahóteli N1. „Það kostar um 5.000 kr. að geyma umganginn af fólksbíladekkjum í hálft ár eða milli vertíða og við bjóðum einnig upp á tímapantanir þar. Starfsmenn okkar passa upp á að dekkin séu klár þegar viðskiptavinir þurfa á þeim að halda. Við jafnvægisstillum þau, förum yfir loftþrýsting og metum ástand dekkjanna. Ef dekkin eru ekki lögleg eða vafi leikur á að þau endist það tímabil sem verið er að sigla inn í, þá látum við viðskiptavini vita af því.“

Þetta fyrirkomulag sparar ekki bara tíma og fyrirhöfn, segir Dagur. „Auk fyrrgreindra kosta minnkar þetta líkur á að dekk og felgur verði fyrir hnjaski við umfelgun. Það fer nefnilega ekki vel með dekk að vera sí og æ að umfelga þau.“

**Dekkjaverkstæði N1 eru á eftirtöldum stöðum**

**Reykjavík**
Réttarhálsi 2, s: 440-1328
Bíldshöfða 2, s: 440-1318
Fellsmúla 24, s: 440-1323
Ægisíðu 102, s: 440-1320

**Hafnarfjörður**
Reykjavíkurvegi 56, s: 440-1374

**Reykjanesbær**
Grænásbraut 552, s: 440-1372

**Mosfellsbær**
Langatanga 1a, s: 440-1378

**Akranes**
Dalbraut 14, s: 440-1394

**Akureyri**
Réttarhvammi 1, s: 440-1433

## Úrval af gæðafelgum

N1 býður upp á mikið úrval af gæðafelgum á góðu verði. „Helsti birgir okkar heitir Alcar en það er þýskt fyrirtæki. Alcar framleiðir sérstaklega vandaðar felgur undir nánast allar gerðir af bifreiðum. Sem dæmi þá kosta 15" felgur frá 12.990 kr. stykkið, 16" felgur eru frá 15.990 kr. og 17" felgur kosta frá 14.990 kr. stykkið.“

N1 býður upp á felgur og dekkjahótel á öllum verkstæðum sínum. „Síðasta haust tókum við yfir rekstur Gúmmívinnslunnar Réttarhvammi á Akureyri og þar munum við bjóða alla alhliða dekkjaþjónustu, dekkjahótel og felgusölu.“

Öll verkstæði fyrirtækisins eru gæðavottuð af Michelin og eru árlega tekin út af aðilum á þeirra vegum að sögn Dags. „Þetta tryggir viðskiptavinum að ákveðin þekking sé til staðar, að ávallt sé hægt að treysta á fagmannleg vinnubrögð og að umhirða dekkja sé eins og best er á kosið. Verkstæði okkar hafa skorað mjög hátt í þessum úttektum og einna hæst á öllum Norðurlöndunum.“




Dagur Benónýsson er rekstrarstjóri þjónustuverkstæða N1. MYND/GVA



www.n1.is facebook.com/enneinn






**Michelin CrossClimate**
Sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.
Dekk sem henta margbreytilegum íslenskum aðstæðum sérlega vel og veita frábæra akstureiginleika.



**Michelin Energy Saver**
Margverðlaunuð fyrir veggrip, endingu og eldsneytissparnað.



**Michelin Primacy 3**
Einstakir akstureiginleikar.
Frábært grip og góð vatnslosun.
Ein bestu sumardekkin á markaðnum í dag.

**Hjólbarðaþjónusta N1**

| | |
|---|---|
| Bíldshöfða | 440-1318 |
| Fellsmúla | 440-1322 |
| Réttarhálsi | 440-1326 |
| Ægisíðu | 440-1320 |
| Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 |
| Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 |
| Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 |
| Dalbraut Akranesi | 440-1394 |
| Réttarhvammi Akureyri | 440-1433 |

**Opið**
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is

Hluti af vorinu N1

# Á eigin bíl í útlöndum

## Ætlar þú að leggja land undir fót?

Margir vilja ferðast á eigin bíl um Evrópu í stað þess að taka bílaleigubíl. Það þýðir auðvitað að fara þarf sjóleiðina með bílinn. Nauðsynlegt er að gera bílinn kláran fyrir langferð. Best er að fara með bílinn á viðurkennt verkstæði og láta yfirfara hann áður en haldið er í hann.

Þá er rétt að athuga hvort ökuskírteinið er gilt í útlöndum svo og vegabréfið. Þá er gott að hafa með sér seðla sem gilda í því landi sem farið er til upp á vegatolla. Kreditkort er ekki tekið sem greiðsla alls staðar.

Ef þú ætlar að aka um Evrópu þarf að skipuleggja ferðina áður en haldið er af stað. Mjög gott er að ákveða gistingu fyrirfram, það getur sparað kostnað. Nauðsynlegt er að hafa GPS-tæki í bílnum en einnig landakort og ferðabækur. Mun betra er að ferðast um akandi í júní og september en í júlí og ágúst. Þá er umferðin minni og þægilegra hitastig. Ekki keyra langtímum saman, stoppa þarf reglulega og teygja úr sér.

> **Nauðsynlegt er að láta skoða bílinn fyrir langferð í útlöndum.**

Það er mjög skemmtilegt að aka um Norðurlöndin svo það er góður valkostur. Ef farið er um Danmörku, Noreg eða Svíþjóð er upplagt að taka með sér tjaldvagn. Víða er hægt að finna þægileg tjaldsvæði. Við Miðjarðarhafið eru líka tjaldsvæði en þau þarf oft að panta fyrirfram.



Það getur verið skemmtilegt að fara akandi á eigin bíl um Skandinavíu.






Flestum börnum finnst gaman að fara í skemmtilega leiki þegar ferðast er um landið. Lítið mál er að finna skemmtilega leiki sem stytta tímann.

# Lífgandi leikir á löngum ferðum

Langar bílferðir í sumarfríum leggjast misvel í yngstu fjölskyldumeðlimina. Ýmis snjalltæki geta hjálpað til við að stytta stundirnar en það er líka skemmtilegt að fara í leiki með krökkunum. Það er endalaust hægt að finna einfalda og skemmtilega leiki og takmarkast fjöldinn nánast við hugmyndaflug hvers og eins. Meðal þekktra leikja má nefna hinn sívinsæla leik Frúin í Hamborg sem allir ættu að þekkja. Annar vinsæll leikur er Hver er maðurinn? Þar finnur einn þátttakandi sér þekktan mann eða konu og hinir spyrja spurningar, sem bara er hægt að svara með já eða nei, og reyna að komast að því hver viðkomandi er.

Á löngum ferðalögum er ekki hjá því komist að sjá ýmis dýr. Þá er hægt að fara í leik þar sem hver og einn reynir að herma eftir hljóðunum sem dýrin gefa frá sér.

> **Það er endalaust hægt að finna einfalda og skemmtilega leiki og takmarkast fjöldinn nánast við hugmyndaflug hvers og eins.**

Sameiginleg dómnefnd getur svo valið besta hljóðið en hér þarf þó enginn að vinna því markmiðið er að auka kátínu ferðafélaganna.

Einnig má telja fjölda bíla af hverri tegund sem keyra framhjá fjölskyldubílnum. Þá velur hver og einn eina bílategund, t.d. Toyota eða Ford, og hver og einn telur með sínu merki í tíu mínútur. Sá sem er með flesta bíla að þeim loknum stendur uppi sem sigurvegari.




# RÉTTU SUMARDEKKIN!

Dekkin eru eini snertiflötur bílsins við veginn og öryggisatriði sem getur skipt sköpum á öllum árstímum. Nú er réttur tími til að láta fagmenn smella sumardekkjum undir bílinn.

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

# Aki varlega á vinnusvæðum

## Framkvæmdir verða við vegakerfi landsins í sumar. Óskar Örn Jónsson, forstöðumaður Vegagerðarinnar, segir stóraukna umferð kalla á viðhald.

Samsetning umferðarinnar á vegum landsins er að breytast talsvert. Með auknum straumi ferðamanna hefur orðið um 60% aukning á vetrarumferð milli ára. Bara á Suðurlandsundirlendinu, Gullna hringnum til dæmis, sjáum við um 40% aukningu á vetrarumferð milli ára. Þetta hefur áhrif á burðarlag vega en fólksflutningabíll eða vöruflutningabíll brýtur niður veginn á við 10.000 smábíla," segir Óskar Örn Jónsson, forstöðumaður Vegagerðarinnar.

Ástand vega sé nú að koma í ljós eftir veturinn og viðhald aðkallandi. Þó nokkrar framkvæmdir verði á vegakerfinu í sumar.

„Fjárveiting til viðhalds var aukin um tæplega 40 prósent og er 8 milljarðar. Þá bættust 1.200 milljónir við til stofnframkvæmda. Við forgangsröðum eins og hægt er og ástand veganna er metið með kerfisbundnum hætti. Sú ástandsskoðun er sett inn í matsforrit og svo er forgangsraðað eftir því í samráði við fulltrúa Vegagerðarinnar á hverju svæði," segir Óskar.

„Öryggi er okkar aðalfókus, og aðgengi. Ég vonaðist til þess að geta útrýmt einbreiðum brúm en það verður ekki í ár. Við munum hins vegar lengja vegrið víða þar sem aðstæður kalla á og bæta við fjölda útskota. Meðal framkvæmda sem farið verður í í sumar er endurbygging vegarins við Reynisfjöru og þá munu framkvæmdir við Kjósarskarðsveg halda áfram, einnig við Dettifossveg. Framkvæmdir við mislæg gatnamót við Krýsuvíkurveg eru hafnar og þá verður tveimur hringtorgum bætt við á Reykjanesbraut. Ný brú við Eldvatn verður gerð eftir hlaupið í fyrra og þá vonumst við til að geta boðið út stórt verk við Berufjarðarbotn fljótlega og við hringveginn við Hornafjörð. Dýrafjarðargöng verða stærsta einstaka verkið og er áætlað að það taki þrjú ár," útskýrir Óskar. Hann hvetur vegfarendur til að aka varlega í sumar, sérstaklega um framkvæmdasvæði.

> **Það þarf að gera strangar kröfur um að halda hraða niðri þegar ekið er yfir nýlagða klæðningu. Fólk þarf því að hafa varann á.**
>
> Óskar Örn Jónsson

„Það þarf að gera strangar kröfur um að halda hraða niðri þegar ekið er yfir nýlagða klæðningu. Það hefur orðið sprenging í rúðubrotum í bílaleigubílum. Vegagerðin er einnig í holuviðgerðum um allt land og meðan klæðningin er að festa sig ofan í asfaltinu liggja steinar lausir. Fólk þarf því að hafa varann á. Þar sem við erum að byggja upp veginn verðum við með fylgdarbíla, setjum upp einstefnu- og umferðarljós til að tryggja að fólk fari hægt um þau svæði. Við hvetjum einnig alla til að hafa augun opin fyrir hjólreiðamönnum og ferðamönnum, sem eiga það til að snarstoppa þar sem þeir eru staddir ef þeir sjá eitthvað fallegt."



Framkvæmdakort Vegagerðarinnar fyrir árið 2017.






MAX1 BÍLAVAKTIN

**VIÐ ERUM Á ÞREMUR STÖÐUM Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Bíldshöfða 5a, Reykjavík
Jafnaseli 6, Reykjavík
Dalshrauni 5, Hafnarfirði

Opið:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

Aðalnúmer:
**515 7190**



Gulir leigubílar eru áberandi í New York og fleiri borgum Bandaríkjanna.

## Minni hætta af gulum bílum

Snemma á 20. öld lagði John D. Hertz grunn að gulum leigubílum í Chigaco. Hann valdi litinn með tilliti til rannsóknar sem gerð var við háskólann í borginni um að gulur litur sæist best. Rannsóknin er týnd en gulir leigubílar eru nú vinsælir um allan heim. Gulu leigubílarnir eru vel þekktir í New York. Í Singapúr valdi stærsta leigubílastöðin gula bíla. Ný rannsókn hefur sýnt að færri bílslys verða á gulum bílum en öðrum.

Á einum mánuði urðu 66 umferðaróhöpp fyrir hverja eitt þúsund gula leigubíla í Singapúr. Hins vegar lentu bláir leigubílar í borginni í 72 óhöppum fyrir hvert þúsund. Ein af hugmyndunum á bak við gulu leigubílana er sú að fáir velji gula einkabíla og þess vegna skeri þeir sig úr í fjöldanum. Þess utan sjást gulir leigubílar vel í umferðinni.




## Kynna nýtt kúlulaga dekk

Goodyear kynnti á Geneva Motor sýningunni í mars nýja og uppfærða útfærslu á kúlulaga dekki sem ætlað er sjálfakandi bifreiðum. Dekkið ber heitið Eagle 360 Urban concept tyre og er byggt á hönnun sem Goodyear kynnti á sýningunni í fyrra. Dekkið hefur nú verið betrumbætt en kúluna umlykur nú einhvers konar skel sem búin er nemum. Dekkið getur þannig greint undirlag og aðstæður og gervigreind bílsins lagað aksturinn að því auk þess sem yfirborð dekksins breytist eftir aðstæðum.

Skelin utan um dekkið er búin til úr afar teygjanlegu fjölliðuefni sem getur bæði þanist út og dregist saman. Það umlykur svampkennt efni sem þó er nógu sterkt til að bera uppi þyngd bifreiðar.

Þetta snjalldekk á einnig að geta gert við sig sjálft ef það verður fyrir skemmdum. Ef skelin skemmist eiga nemarnir í henni að greina hvar gatið er að finna og hefja ferli til að laga skemmdina.

Goodyear telur að kúlulaga dekkin muni gera sjálfakandi bifreiðar mun öruggari og betri í akstri.

## Umhverfisvænn akstur og betri dekk

Hægt er að draga úr mengun af völdum bíla á ýmsan hátt og lengja um leið endingu dekkjanna. Fá má hjólbarða sem draga úr núningsmótstöðu vegar en það þýðir minni bensíneyðslu. Hraðakstur eykur bensíneyðslu og er því ekki góður fyrir umhverfið. Betra er að aka á jöfnum hraða og forðast að hemla snögglega. Þegar bíllinn er notaður fyrir útréttingar er ráð að skipuleggja þær vel og stoppa heldur nokkrum sinnum frekar en að fara í margar stuttar ferðir. Loftþrýstingur í hjólbörðum ætti að vera sem næst því hámarki sem bílaframleiðandinn gefur upp, þannig minnkar bensíneyðsla og dekkin endast að auki lengur. Þá er mikilvægt að skila notuðum dekkjum í endurvinnslu.



Hraðaakstur eykur bensíneyðslu og er ekki góður fyrir umhverfið.




SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
VEE TIRE CO.
TAKE YOURSELF FURTHER
BEET ELITE NeoSHOT
CUBE AIM
27,5” 2017 - 69.990kr
CUBE 200
CUBE 240
CUBE 240
Tacx
ParkTool
drink it feel it Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00
RolfPRIMA

# Þjónusta

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Málarar

**POPETURSSON/HÚSAMÁLUN**
Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Fáðu fritt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

ÓE snyrtilegri íbúð í Rvk meðmæli og fyrirfr.gr. Reglusamur. Uppl. s. 777 3454

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Heimilið

## Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## Skemmtanir




Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*



**Rúnar Þór & Klettar**
**spila í kvöld frá kl. 00-03**

HAPPY HOUR
alla föstudaga
16-19

Allir velkomnir

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

## Atvinna

**Langar þig í krefjandi og skemmtilegt starf ?**

Byggingafélagið Dalhús ehf leitar nú að öflugum verkefnastjóra í framtíðarstarf.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði húsbyggingafræða
- Þekking og reynsla í verkstjórn og mannaforráðum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Vera lausnamiðaður, víðsýnn og geðprúður

Upplýsingar veitir:
Garðar í síma 8650433 eða á netfangið gardar@dalhus.is

Dalhús ehf er stöndugt og metnaðarfullt byggingafélag sem byggir á áratuga reynslu eiganda og helstu stjórnenda.
Við byggjum íbúðir frá grunni og seljum fullbúnar til kaupenda.
Verkefnastjórastarfið er metnaðarfullt, og fjölbreytt starf, þroskandi og gefandi í senn.
Verkefnastjóri er hluti af stjórnendateymi og nýtur mikils stuðning þess í starfi.

Dalhús BYGGINGAFÉLAG

## Námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið**
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska II**
Mánudaga og miðvikudaga 13:00 - 14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00

**Framhaldsnámskeið spænska III**
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30

**Framhaldsnámskeið spænska IV**
Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30

*Facebook: Spænskuskólinn Háblame*

Spænskuskólinn HÁBLAME



**Námskeiðin hefjast 24. apríl og 25. apríl og líkur 18. maí.**
**Verð á mann 25.500.-**

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**

BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

# ÉG ER EINHVERFUR OG UPPLIFI HEIMINN DÁLÍTIÐ ÖÐRUVÍSI EN AÐRIR

**Heilsaðu upp á Dag á blarapril.is**
**Hann er einhverfur og hefur frá ýmsu að segja**



einni vondri niðurstöðu, heldur horfum fram í tímann.“

Hún segir sjóðinn vitaskuld hafa áhyggjur af krónunni. „Allir hafa áhyggjur af því. Ég verð að segja að okkur vantar svo stöðugleika í íslenskt efnahagslíf og þessar miklu sveiflur í gengi, þær eru öllum erfiðar, hvort sem það eru fjárfestingarsjóðir eins og lífeyrissjóðurinn okkar eða fyrirtækin í landinu. Það sem við öll þurfum, það er stöðugleiki.“

**Þola sveiflur milli ára**

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, segir að stóra skýringin sé gengi krónunnar sem hafi haft afgerandi áhrif á afkomuna. „Innlendur hlutabréfamarkaður spilar þarna inn líka. Þó að við höfum náð ágætis árangri miðað við almennar breytingar á hlutabréfamarkaði þá var hann ekki góður, en fyrst og fremst er það krónan sem er að hafa þessi áhrif á afkomuna.

Krónan verður áfram heilmikill áhrifavaldur á þessu ári, en við eigum um 27 prósent í erlendum eignum og munum auka það bara upp á áhættudreifingu og langtímasjónarmið. Einstök tímabil og ár geta komið verr út vegna krónunnar en til lengri tíma erum við að horfa til áhættudreifingar og langtímafjárfestingar. Við gerum okkur grein fyrir því að ávöxtun á þessu ári vegna krónunnar gæti ekki verið eins góð og við myndum vilja. En við teljum það lykilatriði til lengri tíma litið að dreifa áhættunni og eiga stærri hluti eigna erlendis. Við þolum sveiflur milli ára og þurfum ekki að gera neinar breytingar út af þessu á réttindum sjóðfélaga.“

**Gríðarleg ásókn í sjóðfélagalán**

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segir að afkoman hafi valdið ákveðnum vonbrigðum.

> **Krónan verður áfram heilmikill áhrifavaldur á þessu ári, en við eigum um 27 prósent í erlendum eignum.**
>
> Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis



> **Stærstu áhrifin eru vegna krónunnar sem leiðir til rúmlega 10 milljarða lækkunar á erlendum eignum.**
>
> Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu



> **Ég held að núna eftir að höftum hefur verið aflétt muni sjóðirnir sækja í auknum mæli út úr landinu með fé.**
>
> Guðrún Hafsteinsdóttir, stjórnarformaður LIVE



„Stærstu áhrifin eru vegna krónunnar sem leiðir til rúmlega 10 milljarða lækkunar á erlendum eignum, mælt í krónum. Svo eru innlend hlutabréf á síðasta ári sem vega tiltölulega þungt með slaka afkomu. Þetta tvennt er það sem kannski vó þyngst. Svo vorum við að sameina tvo sjóði, Sameinaða lífeyrissjóðinn og Stafi lífeyrissjóð, sem flækir þetta að einhverju leyti. Það eru í sjálfu sér engin meiriháttar vonbrigði miðað við að við vorum með mikinn fókus á að sameina tvo sjóði.“

Gríðarleg aukning var í sjóðfélagalánum hjá lífeyrissjóðunum á síðasta ári. Vöxturinn hófst haustið 2015 hjá LIVE þegar gerðar voru breytingar á kjörum nýrra sjóðfélagalána og í kjölfar breytinga á lánareglum sjóðsins hjá Gildi. Allt árið 2016 var mikil og stöðug eftirspurn eftir sjóðfélagalánum hjá LIVE og námu þau 31,6 milljörðum króna, sem var 640 prósenta aukning milli ára. Hjá Gildi voru veitt 625 ný lán til sjóðfélaga samtals að fjárhæð 7,3 milljarðar króna sem var ríflega 230 prósenta aukning milli ára.

Í árslok 2016 námu lán til sjóðfélaga Birtu samtals 17,97 milljörðum. Nettó útlánaaukning á milli ára (að teknu tilliti til uppgreiðslna) nam um 2,8 milljörðum króna.

„Ég veit ekki hvort það verður aukning í ár, það hefur verið mikil aukning undanfarin tvö ár og það hafa verið viðvarandi núna í nokkuð langan tíma svipuð útlán frá mánuði til mánaðar og ég sé ekki breytingu á því á næstunni, hvorki aukningu né samdrátt,“ segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis.

Guðrún Hafsteinsdóttir segir að LIVE hafi fundið að mikil eftirspurn sé á þessum markaði. „Ég held að það muni hægja eitthvað á henni, en samt sem áður held ég að það verði ásókn í sjóðfélagalánin hjá okkur.“

„Sjóðfélagalánum fjölgar og það er alveg í takt við það sem er að gerast hjá öðrum lífeyrissjóðum, það er töluverð aukning og mikil ásókn í sjóðfélagalán,“ segir Ólafur Sigurðsson. Hann segir erfitt að meta hvort áframhaldandi aukning verði á árinu. „Ég á allt eins von á því að það haldi áfram en verði kannski ekki jafn mikil aukning milli ára í þeim skilningi.“

**Fara ekki út með fé í offorsi**

Litið fram á veginn stefna lífeyrissjóðirnir að auknum umsvifum erlendis. „Meðal annars munum við auka eitthvað við erlendar fjárfestingar og síðan leita þeirra tækifæra sem bjóðast. Með því að auka fjárfestingar erlendis drögum við úr fjárfestingum innanlands sem hafa verið allsráðandi undanfarin ár vegna haftanna,“ segir Árni.

Undir þetta tekur Guðrún. „Ég held að núna eftir að höftum hefur verið aflétt muni sjóðirnir sækja í auknum mæli út úr landinu með fé, ég á ekki von á því að það verði gert í einhverju offorsi. Ég held að sjóðirnir sem eru búnir að vera frá þeim myrkuðum í einhvern tíma muni fikra sig aftur í auknar erlendar eignir.“ Hún segist ekki geta fullyrt hvort það verði á kostnað skráðra hlutabréfa.

Ólafur segir að fókusinn í ár verði á að hagræða og renna sjóðunum almennilega saman. „Við fengum starfsleyfi 1. desember á síðasta ári. Fókusinn fer í að samræma eignastýringuna og nota stærðina til að ná niður kostnaði og fókusera á þær eignir og sjóði sem hafa nýst okkur vel.“ Hann segir fyrsta áfanga lokið í stærstu sameiningu síðasta árs og næsta skref í sameiningu sé að nýta stærðina og skipuleggja sjóðinn.

## Ekki þörf á að breyta lögum nú

Æskilegt er að koma í veg fyrir að gengisáhætta vegna erlendra eigna valdi umtalsverðum vandræðum fyrir lífeyrissjóðina og sjóðfélaga. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna sem birt var í gær.

Einnig kemur fram í henni að ekki sé talin bráð þörf á að breyta lögum nú, þar sem núverandi lög um skyldutrygginguu lífeyrissjóða fela í sér verulegar heimildir til erlendrar fjárfestingar. Fyrirsjáanlegt sé að flestir lífeyrissjóðir muni nýta sér þær á næstu árum og áratugum að verulegu marki.

Bent er á að lífeyrissjóðunum sé í hag að gjaldeyrisviðskipti þeirra valdi sem minnstum sveiflum á gengi krónunnar. Því sé æskilegt að þau verði tiltölulega jöfn og fyrirsjáanleg. Starfshópurinn bendir á að hugsanlegt sé að ná þessu markmiði að einhverju leyti með því að byggja á fjárfestingaráætlunum sjóðanna og skýrslugjöf til opinberra aðila, sérstaklega Seðlabanka Íslands.

Hann segir að stefnt verði að aukningu í erlendum eignum. „Markmiðið var að fara upp í 30 prósent, en sú fjárfestingarstefna var mótuð þegar við vorum í höftum og við erum að endurskoða hana núna. En það hefur lengi verið markmið að hækka hlutfall erlendra eigna.“ Hann segir að enn eigi eftir að ákveða að hve háu hlutfalli verði stefnt og hvort það verði yfir 30 prósentum.



## Skotsilfur

### Stoppaði stutt



Verslun Jör á horni Týsgötu og Skólavörðustígs hefur verið lokað fjórum mánuðum eftir opnun. Þangað flutti verslunin skömmu áður en Jör ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta um miðjan janúar en það var stofnað utan um hönnun á fatalínunni og verslunarrekstur við Laugaveg 89. Óvíst er því hvað verður um fatamerkið Jör sem hefur vakið mikla athygli eins og fatahönnuðurinn og einn stofnenda fyrirtækisins, Guðmundur Jörundsson.

### Reynslubolti



Fjárfestar hafa lagt Pressunni til 300 milljónir í hlutafé og gert Gunnlaug Árnason að stjórnarformanni. Þótt Gunnlaugur sé ekki þekkt nafn í íslenskum fjölmiðlaheimi er ljóst að fjárfestahópurinn hefur þar fengið til liðs við sig afar öflugan fjölmiðlamann. Gunnlaugur hefur verið eigandi breskra fjölmiðlafyrirtækja en 2005 til 2007 var hann ritstjóri Viðskiptablaðsins.

## Kínverskur efnahagur rís




Verg landsframleiðsla í Kína jókst um 6,9 prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs samkvæmt nýbirtum tölum frá kínversku hagstofunni. Hér má sjá kínverskan verslunarrekanda þar sem hann raðar ávöxtum í verslun sinni í Peking í gær áður en morguntraffíkin hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Uppsveiflu Trumps er lokið



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Í desember skrifaði ég í pistli í þessu blaði að því sem ég kallaði þá „uppsveiflu Trumps“ myndi ljúka fyrir páska. Þar sem páskarnir eru nú að baki er ekki úr vegi að athuga hvort ég hafi haft rétt fyrir mér.

Með „uppsveiflu Trumps“ átti ég ekki við batann á bandaríska verðbréfamarkaðnum heldur breytingar til batnaðar í þjóðhagfræðilegum tölum sem við fórum að sjá eftir að Donald Trump var kosinn forseti 8. nóvember.

Það sem ég lýsti í desember var það sem hagfræðibloggarar kalla Sumner-greiningu, eftir þeirri röksemdafærslu bandaríska hagfræðiprófessorsins Scotts Sumner að ef seðlabanki hafi skýrt, vel skilgreint og trúverðugt markmið – til dæmis verðbólgumarkmið eins og Seðlabanki Bandaríkjanna – þá verði fjárlagastuðullinn núll. Þetta þýðir að hert peningamálastefna myndi vega upp á móti slökun á fjármálastefnu (og miðað við væntingar markaðarins mun slík herðing eiga sér stað).

**Trumpísk fjármálaþensla**

En aðstæður í nóvember, þegar Trump var kosinn, voru aðeins öðruvísi en þær sem gert er ráð fyrir í Sumner-greiningunni. Verðbólgumarkmið Seðlabankans var ekki fyllilega trúverðugt og verðbólguvæntingar markaðarins voru nokkuð undir 2%.

Þess vegna hélt ég því fram þegar Trump var kosinn að væntingarnar um trumpíska fjármálaþenslu myndu hafa nokkur jákvæð skammtímaáhrif á bandarískan hagvöxt.

Í desember voru verðbólguvæntingar markaðarins til meðallangs tíma þegar komnar upp í 2%. Afleiðingin var sú að Sumner-greiningin sagði til sín og vænta hefði mátt þess að hröðun hagvaxtarins tæki enda. Sem er auðvitað einmitt það sem gerðist.

Ef við lítum á hvernig þjóðhagfræðilegar tölur hafa þróast samanborið við væntingar markaða og sérfræðinga sáum við jákvæða og óvænta hluti í nóvember, strax eftir kosningu Trumps. En þegar verðbólguvæntingar markaðarins náðu 2% tóku þessar jákvæðu breytingar enda því markaðir fóru að verðleggja í samræmi við mótvægisaðgerðir Seðlabanka Bandaríkjanna.

**Herskárri afstaða**

Það sem ég spáði ekki (en óttaðist vissulega) í desember var að seðlabankinn myndi gera of mikið. Seint í febrúar brugðust stjórnvöld við áberandi bættum tölum í Bandaríkjunum með því að verða herskárri. Eins og við vitum núna hækkaði seðlabankinn, þann 15. mars, vexti á millibankamarkaði um 25 punkta – mörgum mánuðum fyrr en hann hafði gefið í skyn. Og það sem skipti enn meira máli: Nú gaf hann til kynna að búast mætti við frekari hækkunum á árinu 2017.

Eru þá markaðir strax farnir að segja okkur að seðlabankinn hafi gert of mikið og verði að mýkja afstöðu sína – eins og hann gerði í febrúar 2016? Eða er þetta bara minni háttar bóla? Við vitum það ekki enn en hættan er enn á ný að þetta verði slæmt fyrir bandarískan hagvöxt.






# Hvernig dreifum við ferðamönnunum?



**Halldóra Hreggviðsdóttir**, framkvæmdastjóri ráðgjafarfyrirtækisins Alta og FKA-félagskona

Ferðamenn eru eins og vatnið, þeir fara þangað sem þeir vilja fara. Þegar við ferðumst leitum við sjálf að stöðum sem hafa upp á eitthvað einstakt að bjóða, sérstöðu sem kitlar forvitnina og við viljum upplifa og njóta.

Við tölum um að dreifa ferðamönnum um Ísland. Það sé lausnin sem kemur í veg fyrir að Ísland verði eins og Mallorca norðursins. En hvernig förum við að?

Það er yfirleitt ekki tilviljun hvert við ferðumst. Staðirnir sem við sækjum heim hafa flestir verið þróaðir sem áfangastaðir á grunni stefnumótunar, sem við sem gestir sjáum ekki á yfirborðinu, en hefur samt sem áður töluverð áhrif á upplifun okkar. Þetta eru staðir þar sem sérstaðan hefur verið dregin fram og hún nýtt sem „hráefni“ til að þróa áfangastaðinn, vöru og þjónustu, sem við viljum njóta.

Ísland býður upp á einstaka fjölbreytni í náttúru og menningu sem alls ekki er bundin við suðvesturhornið. Þessi fjölbreytni er hráefnið á hverju svæði, sem má draga betur fram og „fullvinna“ markvissar en nú er gert. Fullvinnslan felst í þróun nýrra áfangastaða, þjónustu og vöru sem byggir á sérstöðu þeirra. Við fullvinnsluna þarf að kortleggja og greina sérkenni, sjálfsmynd og anda hvers svæðis. Með yfirsýn yfir fjölbreytni landsins og þá ólíku upplifun sem það býður opnast augu okkar fyrir afmörkun nýrra áfangastaða, nýjum tengingum og tækifærum í okkar einstaka landi.

Skipulagsáætlanir, allt frá svæðisskipulagi til deiliskipulags, eru sterkasta verkfærið við þessa fullvinnslu. Þær má nýta til að greina svæði og setja fram stefnu um framtíðarþróun sem byggir á sérkennum í sögu, landslagi og menningu. Þá skapast mikilvægur efniviður í markaðssetningu hvers svæðis, sem verður að loforði til þeirra sem sækja það heim eða kaupa þaðan vöru, um ákveðna upplifun. Skipulagsáætlanir eru jafnframt öflugasta tækið til að stýra álagi svo ekki verði farið yfir þolmörkin.

Með þessu getum við fjölgað áfangastöðum, dreift álagi og lengt dvalartíma á hverjum stað. Gefið fyrirheit um ólíkar upplifanir um landið allt sem kitla ferðamennina og gefa þeim ástæðu til að koma aftur og aftur. Samhliða álaginu á landið, aukum verðmætasköpun í ferðaþjónustu og styðjum við byggðaþróun.



Guðmundur nam auglýsingafræði í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Helmingur ársins fer í golfíþróttina

**Svipmynd**
**Guðmundur H. Pálsson**

Guðmundur H. Pálsson tók í byrjun árs við stöðu framkvæmdastjóra auglýsingastofunnar Pipars/TBWA. Hann er með BA í auglýsingafræði og hefur starfað í auglýsingabransanum í rúman áratug, en fyrsta starf hans var sem sendill hjá auglýsingastofunni Örkinni, aðeins fjórtán ára gamall. Hann segist vera í draumastarfinu en utan vinnunnar fer helmingur ársins í golfíþróttina.

Guðmundur er uppalinn í Breiðholtinu og byrjaði skólagönguna í Breiðholtsskóla, fór síðan í Seljaskóla og útskrifaðist úr Menntaskólanum við Sund árið 1990. Eftir það fór hann til Kaliforníu að læra í San Jose State University og útskrifaðist með BA í auglýsingafræði árið 1995.

Fyrsta launaða starfið fékk hann þegar hann var 14 ára sem sendill hjá auglýsingastofunni Örkinni sem pabbi hans átti og rak. Hann vann þar með skóla á sumrin, fyrst sem sendill, síðan sem hönnuður og endaði sem tengill. Eftir námið í Bandaríkjunum kom hann til Íslands og hóf störf sem markaðsstjóri B&L. Hann var þar í tæp tvö ár og fór síðan yfir til IKEA sem markaðsstjóri og síðan bættist húsgagnadeildin við sem ábyrgðarsvið hans. Árið 2003 hóf hann störf hjá Iceland Express sem svæðisstjóri yfir Íslandi. Árið 2005 færði hann sig svo yfir í auglýsingabransann og eftir mörg áhugaverð ár er hann nú framkvæmdastjóri Pipars\TBWA.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Við á Pipar\TBWA höfum mikið verið að vinna fyrir ferðamannabransann og er það alltaf að aukast. Vegna starfsins fór ég gullna hringinn í febrúar og það það kom mér verulega á óvart hversu mikið af erlendum ferðamönnum er á þessum stöðum á þessum tíma, en þetta var eins og Menningarnótt í miðbænum. Maður upplifir ferðamenn aðallega í miðbænum, en það er öðruvísi að fara á Þingvelli, Gullfoss og Geysi og finna fyrir þessu. Að fara inn í mannþröngina á Þingvöllum á laugardagsmorgni í febrúar er eitthvað sem kom mér verulega á óvart.

*Hvaða app notarðu mest?* Ég nota Flipboard mjög mikið. Þar er skemmtilega tekið saman allt það sem ég hef áhuga á, sett upp eins og fréttasíða fyrir hvern flokk. Hvort sem það er sportið eða allt það nýjasta sem er að gerast í auglýsingabransanum eða tæknimálum þá finn ég það í þessu appi. Síðan eru það þessi hefðbundnu öpp sem ég nota mikið, s.s. helstu úrslit í enska boltanum og ekki skal gleyma Fantacy-appinu, en það er hörð keppni í vinnunni.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Helmingur ársins fer í golfíþróttina. Ég reyni að stunda golf sem mest á sumrin og ef ég get lengi ég tímabilið með ferð til Flórída þar sem fjölskyldan á húsnæði. Það eru miklir golfarar í vinnunni minni en ásamt því eru gömlu handboltafélagarnir með vinagolfhóp. Upp á síðkastið hafa aðeins verið að bætast við fjallgöngur með fjölskyldunni, en það er eitthvað sem ég held að eigi eftir að aukast.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Það hefur verið tekið í skorpum hjá mér að halda forminu og er ég búinn að prófa margar leiðir í því. Á tímabili var það CrossFit sem er ein skemmtilegasta leiðin til að komast í mjög gott form. Annars hafa útihlaup og tækjasalir verið mín leið síðustu misseri.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Börnin og konan eru alltaf að kynna nýja tónlist fyrir mér og er margt mjög gott. Ég enda samt alltaf sjálfur á að hlusta á gömlu rokkarana, svo sem Stones, Hendrix, Pink Floyd, Guns'n Roses o.fl. Einnig, ef ég vil róa þetta aðeins niður, þá hlusta ég á Clapton, Dylan og Johnny Cash. Það lítur út fyrir mikla veislu í þessu í sumar, en hingað eru að koma Foo Fighters og Red Hot Chilli Peppers sem ég er búinn að kaupa miða á.

*Ertu í draumastarfinu þínu?* Að vinna við auglýsingar og markaðsmál er eitthvað sem ég hef mjög gaman af og hefur verið mín ástríða. Til þess að vera í þessu starfi og ílengjast þarf það að vera áhugamálið líka. Ég mæli ekki með því fyrir neinn að vera í starfi sem ekki er skemmtilegt. Það er gaman að vinna með skemmtilegu, skapandi fólki og takast á við áskoranir dagsins. Hjá mér er gaman í vinnunni og er ég því klárlega í draumastarfinu.



# MARKAÐURINN

**FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL** | Miðvikudagur 19. apríl 2017

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

## Stjórnar-maðurinn

@stjornarmadur

## Botn sleginn í Brexit?

**Theresa May,** forsætisráðherra Bretlands, hefur nú boðað til þingkosninga sem haldnar verða þann 8. júní næstkomandi. Ljóst er að málefnaskráin fyrir kosningarnar verður í styttra lagi. Aðalmálið, og allt að því það eina, verður væntanlega útganga Breta úr Evrópusambandinu.

**Varla verður** annað sagt en að May sé í sterkri stöðu en Íhaldsflokkurinn er með tæplega tuttugu prósenta forskot á Verkamannaflokkinn samkvæmt könnunum. Allt bendir því til þess að May muni verulega styrkja stöðu sína og auka við meirihlutann í þinginu sem í dag er einungis tíu þingsæti.

**Tilgangur May** er augljós, og raunar yfirlýstur. Hún vill endurnýja umboð sitt og tryggja sér ríflegan stuðning frá þingi og þjóð vegna yfirvofandi viðræðna við Evrópusambandið og aðrar viðskiptaþjóðir. Hið síðarnefnda er ekki síst mikilvægt enda spurningunni enn ósvarað um hvert Bretland muni snúa sér að útgöngu lokinni. Samningshönd Breta yrði að minnsta kosti sterkari ef sessunautar þeirra við samningaborðið væru vissir um að May væri í sterkri stöðu heima fyrir.

**Þetta er þó** væntanlega ekki hið eina sem ræður stöðumati May. Helstu andstæðingar þeirra í Verkamannaflokknum eru allt að því óstarfhæfir með sósíalistann Jeremy Corbyn í stýrishúsinu. Frjálslyndi flokkurinn er enn að jafna sig eftir afhroðið í kosningunum 2015. Sterk staða að loknum kosningum myndi svo gefa May færi á að kæfa sjálfstæðistilburði Skota í fæðingu.

**Hvað sem** slíkum pólitískum hræringum líður er sennilegt að mörkuðum yrði rórra ef niðurstaðan að loknum kosningum yrði öruggur meirihluti Íhaldsflokksins. Sterlingspundið styrktist verulega í kjölfar tíðindanna og hefur ekki verið sterkara gagnvart evru og bandaríkjadal um nokkurra mánaða skeið.

**Það skyldi þó** ekki vera að væntur sigur Íhaldsflokksins yrði til að slá botn í þann óróa sem ríkt hefur allt frá atkvæðagreiðslunni fyrir réttum níu mánuðum?

**Spyrjum** að leikslokum.

## Gætu lokað við Laugaveg



Árni Pétur Jónsson, forstjóri Dunkin' Donuts á Íslandi

Eigendur Dunkin' Donuts skoða nú samkvæmt heimildum Markaðarins að loka kleinuhringjastað sínum við Laugaveg 3. „Ég kannast ekki við það og það hefur engin ákvörðun verið tekin um það,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Dunkin' Donuts á Íslandi, í samtali við Markaðinn. Fyrirtækið rekur nú meðal annars tvo kleinuhringjastaði, við Laugaveg og í Kringlunni. Staðurinn við Laugaveg var opnaður í júlí 2015.

**12.4.2017**



**Það var niðurlægjandi að vera í hópi þeirra sveitarfélaga sem lentu undir því eftirliti. Það skiptir miklu máli að vera orðin sjálfráða.**

Rósa Guðbjartsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði






# Evrópukeppnin hjálpar Valsmönnum

**Undanúrslitin í Olísdeild karla hefjast í kvöld. Gunnar Magnússon, þjálfari Hauka, segir erfitt að afskrifa nokkurt lið á þessum tímapunkti en telur FH-inga líklega til afreka. Hann telur að spútniklið Fram muni reynast Valsmönnum óþægur ljár í þúfu.**

**HANDBOLTI** Úrslitakeppnin í Olísdeild karla heldur áfram í kvöld þegar undanúrslitin hefjast í karlaflokki. Óvænt tíðindi urðu í fjórðungsúrslitum þegar tvö af sterkustu liðum deildarinnar, Haukar og ÍBV, féllu bæði úr leik. Það ætti að gera leið deildarmeistara FH að Íslandsmeistaratitlinum enn greiðari en úrslitakeppnin hingað til hefur undirstrikað hversu liðin í deildinni eru jöfn og hversu erfitt er að spá um úrslit rimmanna.

Gunnar Magnússon, þjálfari Hauka, var Fréttablaðinu innan handar við að meta möguleika liðanna fjögurra sem eftir standa. Hann spáir því að FH og Valur muni mætast í lokaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn en afskrifar þó alls ekki möguleika Aftureldingar og Fram, þvert á móti.

„Það á enn margt eftir að gerast og það væri glapræði að afskrifa eitthvert lið á þessum tímapunkti. Hins vegar lýgur taflan ekki og FH er það lið sem sýndi mestan stöðugleika í vetur og kemur inn í úrslitakeppnina í besta forminu. FH-ingar eru því til alls líklegir,“ segir Gunnar.

### Þurfa mun betri vörn

Mosfellingar eiga stórt verkefni fyrir höndum. Afturelding sló Selfoss úr leik í 8 liða úrslitum en FH-ingar unnu Gróttu. Bæði lið unnu rimmur sínar 2-0 en lentu þó bæði í jöfnum og erfiðum leikjum.

Gunnar segir ekkert stórt leyndarmál við rimmu Aftureldingar og FH. Gamla spekin um að vörn og markvarsla þurfi að vera í lagi eigi hér vel við lið Aftureldingar, ætli Mosfellingar sér að eiga möguleika gegn deildarmeisturum FH.

„Afturelding hefur verið í basli með vörnina eftir áramót. Þeir þurfa að bæta hana mikið frá síðustu vikum og mánuðum, og fá þá markvörsluna með, til að eiga möguleika. Góðu fréttirnar eru að Böðvar Páll [Ásgeirsson] er að koma aftur inn eftir meiðsli og það styrkir liðið.“

### Grimmdin nauðsynleg

Hann segir að það séu brotalamir á liði FH eins og öllum liðum. „En eins og FH lítur út í dag er FH með sterkt varnarlið og góða markvörslu. Það er breidd í sókninni og mikill agi. Þá hafa FH-ingar haft seigluna með sér í jöfnum leikjum og unnið þá líka.“

Gunnar bendir á að Mosfellingar þurfi að finna leið til að stöðva Gísla Þorgeir Kristjánsson og Jóhann Birgi Ingvarsson. „Þeir sækja mikið á sinn varnarmann og eru afar sterkir einn á einn. Svo fá þeir aðstoð frá mönnum eins og Ásbirni [Friðrikssyni] og Einari Rafni [Eiðssyni] í að nýta sér stöðuna sem kemur upp. Þess utan eru FH-ingar með sterka línu- og hornamenn. En það er alveg ljóst að varnarmenn Aftureldingar verða að sækja út í þá [Jóhann og Gísla]. Ef þeir sitja bara á línunni og bíða eftir þeim eiga þeir ekki séns.“

> **Ef þeir sitja bara á línunni og bíða eftir þeim eiga þeir ekki séns.**
>
> Gunnar Magnússon, þjálfari Hauka



### Leikbannið mikið áfall

Sjálfsagt reiknuðu flestir hlutlausir með því að Haukar og ÍBV myndu bera sigur úr býtum í leikjum laugardagsins og að liðin myndu mætast í undanúrslitunum. Annað kom á daginn og Fram sló Hauka úr leik eftir æsilega vítakastskeppni. Þá gerðu Valsmenn sér lítið fyrir og unnu ÍBV í oddaleik í Vestmannaeyjum.

Gunnar er reynslunni ríkari eftir rimmu sína við Fram og varar Valsmenn við nokkurs konar vanmati. „Mönnum er frjálst að gagnrýna okkur Hauka eins og þá lystir en menn skulu ekki líta framhjá þætti Fram. Framarar spiluðu þessa rimmu gegn okkur afar vel og eiga heiður skilinn fyrir. Þar fyrir utan töpuðu Framarar fáum leikjum í deildinni í febrúar og mars.“



**Josip Gric fékk tveggja leikja bann fyrir að sparka í Róbert Aron Hostert, leikmann ÍBV. Hans verður sárt saknað í fyrstu tveimur leikjum Vals gegn Fram.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tveir þættir gætu haft mikil áhrif á rimmu Fram og Vals – þátttaka Vals í Evrópukeppninni næstu tvær helgar hið minnsta og tveggja leikja bann Josips Gric, skyttu Vals, sem skoraði samtals nítján mörk í leikjunum gegn ÍBV.

„Það er mikið áfall fyrir Val og munar um minna. En ég er algerlega sannfærður um að reynsla Vals úr Evrópukeppninni hjálpi liðinu mikið. Valur hefði ekki unnið í Eyjum nema út af þeirri reynslu sem liðið fékk úr Evrópuleikjunum í vetur.“

Hann segir Valsmenn líklegri í fimm leikja rimmu þar sem þrjá sigra þarf til að komast áfram. „En þeir munu þurfa að hafa mikið fyrir þessu og ég býst við að þetta ráðist í oddaleik,“ bætir hann við.

Báðir leikir kvöldsins hefjast klukkan 20.00.

eirikur@frettabladid.is





GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# TILBOÐ

# AUTHOR REIÐHJÓL

## okkar mesta úrval frá upphafi

Sumar tilboð



**34.900kr**

~~39.900kr~~

**AUTHOR TROPHY 26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting: SHIMANO TY21 18 gírar, TEKTRO V bremsur. Dekk: AUTHOR Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19".
3901410-1

**SVONA VELUR ÞÚ STÆRÐ**

| Aldur | Hæð barns (í cm) | Stærð á hjóli (í tommum) |
|---|---|---|
| 2 - 4 ára | < 100 | 12″ |
| 5 - 8 ára | 100 - 115 | 16″ |
| 7 - 10 ára | 115 - 130 | 20″ |
| 9+ ára | 125 - 160 | 24″ |
| | >160 | 26″ |

AUTHOR

AUTHOR PROFILE 26″
STELL: 15″ 17″19″
Stell úr álblöndu 6061, stærð 15″.
Shimano 24.gíra, TX800.
Tektro diska bremsur 150mm.
Dempari RST Capa T (80mm).
Dekk 26 x 2,10. Þyngd 14,9 kg miðað við 19″ stell.
3901417

Sumar tilboð



**51.900kr**

~~56.900kr~~

AUTHOR

AUTHOR SOLUTION 29″
STELL: 17″ 19″21″
Ál stell, stærð 17″.
Shimano 27 gíra, Altus.
Tektro vökva-bremsur 150 mm.
Dempari RST Blaze 29 M/læsingu (100mm).
Dekk 29″ x 2,10.
Þyngd 14,7 kg miðað við 19″ stell.
3901405

Sumar tilboð

**69.900kr**

~~73.900kr~~



## BARNAHJÓL 16" HENTAR FYRIR KRAKKA 100-125 CM




24.900kr
~~29.900kr~~

AUTHOR BELLO 16", JET 9" STELL
Hvítt og rautt 9" stell úr álblöndu 6061.
Tektro bremsur Coasterhub.
3901370




21.900kr
~~26.900kr~~

AUTHOR ORBIT 16", ORBIT 9" STELL
Grátt og blátt 9" stell úr álblöndu 6061.
Tektro bremsur Coasterhub, 16"x1,75 dekk.
3901369




29.900kr
~~34.900kr~~

REIÐHJÓL 20" MELODY 10"STELL
Author Melody bleikt. 10" stell úr álblöndu 6061
Shimano 6 gíra Revoshift. Tektro bremsur 855AL.
20"x1,50 dekk. 10,4 kg.
3901312

## BARNAHJÓL 20" HENTAR FYRIR KRAKKA 115-135 CM




28.900kr
~~32.900kr~~

REIÐHJÓL 20" ENERGY 10"STELL
Author Energy, 10" stell úr álblöndu 6061.
Shimano 6 gíra Revoshift. Tektro bremsur 855AL.
20"x1,75 dekk. 10,6 kg.
3899968-9

## BARNAHJÓL 24" HENTAR FYRIR KRAKKA 125-150 CM




34.900kr
~~38.900kr~~

AUTHOR MATRIX 24"
Author Matrix rautt og svart, 12,5" stell úr álblöndu 6061.
Shimano 18 gíra, Revoshift Tektro bremsur 855AL,
dempari ZOOM (40 mm), 24"x1,95 dekk, 12,5 kg.
3901313

## BARNAHJÓL 26" HENTAR FYRIR KRAKKA 135-160 CM ALDUR 10-13 ÁRA




39.900kr
~~43.900kr~~

AUTHOR A-MATRIX ASL 26"
Author A-Matrix grænt og blátt. 13,5" stell úr álblöndu 6061. Shimano afturskiptir TY21 18 gíra, Revoshift Tektro bremsur 855AL, dempari RST Capa T 26 (80 mm), 26"x1,95 dekk, 13,4 kg
3901376/78

## FJALLA- OG GÖTUHJÓL




39.900kr
~~44.900kr~~

AUTHOR THEMA 700c
STELL: 17" og 19"
Author Thema grátt og bleikt, stell úr álblöndu 6061.
Shimano 21 gíra, Shimano (21), Tektro bremsur 855. Dekk 700x42mm, 12,9 kg 17".
3901542-3

AUTHOR METEOR 700c
STELL: 18" 20"
Author Meteor hvítt og brúnt stell úr álblöndu 6061 700c.
Shimano Altus 24 gíra.
Tektro diska bremsur 125 mm.
Dempari RST Neon ML (60 mm)
Dekk 700x42mm, 13,8 kg.
3901389

57.900kr
~~61.900kr~~




AUTHOR UNICA 26"
STELL: 16" OG 18"
AUTHOR hvítt og rautt stell úr álblöndu 6061, 13,3 kg, skipting SHIMANO TY500 21 gíra. Gaffall: RST Capa (80mm), bremsur: TEKTRO V, dekk: AUTHOR Speed master 26"x2,0". Afturskipting SHIMANO TY500, þyngd 14,1 kg.
3901429

41.900kr
~~46.900kr~~






# EVRÓPSKT GÆÐAMERKI Á ÓTRÚLEGA GÓÐU VERÐI!

## Skoðaðu úvalið á husa.is

Hjólin sem fást í Húsasmiðjunni koma frá tékkneska hjólaframleiðandanum Author. Framleiðslulína Author spannar allar gerðir af hjólum, allt frá barnahjólum upp í fislétt keppnishjól.

Author hefur verið framarlega í framleiðslu á keppnishjólum síðastliðin 30 ár.



**FRÍ HEIMSENDING Á HJÓLUM Í VEFVERSLUN HUSA.IS**
GILDIR Í APRÍL



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ríkarður Másson**

fyrrverandi sýslumaður, Iðutúni 16, Sauðárkróki,

lést 3. apríl 2017. Kveðjuathöfn verður í Sauðárkrókskirkju laugardaginn 22. apríl 2017 kl. 14.00. Útför verður frá Háteigskirkju föstudaginn 28. apríl 2017 kl. 15.00.

**Herdís Þórðardóttir**
**Ríkarður Már Ríkarðsson** **Lilja Þorsteinsdóttir**
**Hilmar Þór Óskarsson** **Sigríður Síta Pétursdóttir**
**Sólveig Lilja Óskarsdóttir**
**Davíð Þór Óskarsson** **Eva Dögg Fjölnisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku pabbi okkar, eiginmaður, sonur, bróðir og tengdasonur,

**Daði Garðarsson**

Kelduhvammi 24, 220 Hafnarfirði,

varð bráðkvaddur mánudaginn 10. apríl. Útför fer fram föstudaginn 21. apríl kl. 13.00 í Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

**Alexander Máni Daðason**
**Dagur Máni Daðason**
**Fjóla Huld Daðadóttir**
**Bríet Ýr Daðadóttir**
**Karólína Helga Símonardóttir**
**Ragnheiður Víglundsdóttir**
**Laufey Dögg Garðarsdóttir** **Auðunn Einarsson**
**Birna Sigurbjörg Benediktsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ásmundur Brekkan**

prófessor,

lést þriðjudaginn 11. apríl sl. Útförin auglýst síðar.

**Ólöf Helga S. Brekkan og fjölskylda.**



✝

Útför ástkærs föður míns, afa, tengdaföður og langafa,

**Ólafs Guðmundssonar**

fyrrverandi forstjóra Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bretlandi,

sem lést á heimili sínu í Bretlandi, þriðjudaginn 14. mars, fer fram frá Neskirkju föstudaginn 21. apríl kl. 13.00.

**Guðmundur Bjarni Ólafsson** **Catherine Stormont**
**Richard Jón Ólafsson** **Elena Ólafsson**
**Robert Pétur Ólafsson** **Caroline Tweddle**
**Andrew Ólafsson**
**Anna Ólafsson**
**Elfa Halldóra Ólafsson**



✝

Okkar ástkæra

**Erla Lóa Ástvaldsdóttir**

er lést þann 7. febrúar sl. á Ítalíu, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 21. apríl nk. kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Ástvaldur Eiríksson**
**Linda Katla og Carlo**
**Marco og Veronica**
**Erika og Edoardo**
**Ólafur Þ. Pálsson og Lára Björnsdóttir**
**Lárus Ástvaldsson og Kristín Stefánsdóttir**
**Helga Ástvaldsdóttir og Ágúst Kárason**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.



**Danshópurinn Real Collective stefnir á að fara í námsferð til Ísraels á næsta ári.**

# Opnu danstímarnir eru eins og sálfræðimeðferð

**Nýverið hófu háskólanemar af samtímadansbraut LHÍ að bjóða almenningi að koma og dansa með sér í opnum danstíma á hverjum mánudegi. Ástrós Guðjónsdóttir dansnemandi segir danstímana hafa jákvæð áhrif á líkama og sál og gefa fólki frí frá amstri dagsins.**

Hugmyndin spratt út frá ferli sem við gengum í gegnum í fyrra. Þar vorum við að vinna með hópspuna. Hópspuni er ákveðið form innan spuna þar sem hópurinn tengist í gegnum hreyfingu, hvort sem það er milli tveggja manneskja eða stærri hóps,“ segir Ástrós Guðjónsdóttir, nemandi í Listaháskóla Íslands.

Hún segir hópinn, sem kallar sig REAL collective og samanstendur af annars árs nemum, hafa heillast af hópspunaforminu eftir þennan kúrs. „Við sáum möguleika á að tengja fólk saman í gegnum hreyfingu frekar en munnleg samskipti. Í nóvember prufuðum við svo að halda fyrsta tímann fyrir almenning og síðan þá höfum við hist á hverjum einasta mánudegi klukkan 19.00.“

**Feimnin fer fljótt**

Ástrós segir almenning hafa tekið vel í þessa danstíma. „Móttökurnar hafa verið frábærar og það er skemmtilegt að sjá ný andlit á hverjum einasta mánudegi. Aldurshópurinn er breiður og í hverjum tíma er nýr og fjölbreyttur hópur. Fólk getur verið hrætt við að labba inn í litla skúrinn okkar þar sem töfrarnir gerast. Um leið og þau hafa stigið inn fyrir þröskuldinn er stærsta skrefinu lokið.“

Að sögn Ástrósar er fólk stundum feimið þegar það mætir í tímana en feimnin er fljót að hverfa. „Við byrjum alltaf á stuttu spjalli til að kynnast hvert öðru og létta á andrúmsloftinu fyrir þá

> **Fólk fer afslappaðra út en það kom inn, auk þess sem það hefur trúlega eignast nýja vini eða kunningja.**

sem eru stressaðir. Eftir það er fólk mjög afslappað og nýtur þess að hreyfa sig og dansa. Við leiðum hópinn í gegnum tímana og gerum einfaldar æfingar til að örva hreyfifærni líkamans. Í lok hvers tíma tökum við slökun þar sem einblínt er á þarfir hvers einstaklings fyrir sig. Við leggjum mikla áherslu á afslappað andrúmsloft þar sem fólki er velkomið að dansa eða horfa á,“ útskýrir Ástrós og tekur fram að tímarnir henti öllum, óháð aldri og reynslu í dansi.

Ástrós segir dansinn hafa afar jákvæð áhrif á geðheilsu og hjálpa fólki við að kúpla sig út úr stressi. „Við höfum orðið vör við að þetta hjálpar fólki að létta á áhyggjum sínum og stressi. Þetta er eins og tveggja tíma frí frá hinu daglega lífi í hverri viku. Fólk fer afslappaðra út en það kom inn, auk þess sem það hefur trúlega eignast nýja vini eða kunningja. Við höfum mikla trú á hópspunaforminu til að tengja fólk saman á annan hátt en það er vant,“ útskýrir Ástrós sem líkir tímunum við sálfræðitíma.

**Búa sig undir námsferð til Ísraels**

Dansverkefnið sem um ræðir er upphafið á námsferð sem hópurinn er að fara í til Ísraels í janúar á næsta ári. „Við viljum dýpka skilning okkar enn frekar á hvernig við getum fært almenning nær dansi áður en við förum út. Þar munum við halda áfram með ferlið sem kennarar okkar, Emma Rozgoni og Noam Carmeli, byrjuðu með okkur í fyrra.

Við vonumst svo til að fá að hitta dansflokkinn Batsheva Dance Company, sem er heimsfrægur dansflokkur. Kennarinn okkar, Emma, hefur þjálfað með þeim og þekkir þau vel sem gerir okkur vongóð. Það yrði algjör draumur að hitta þau þar sem að við höfum litið upp til þeirra seinustu ár og eflaust draumur margra ungra dansara að fá að hitta þau. Stærsta verkefnið okkar sem við munum vinna að úti er að skapa verk til að sýna hér á Íslandi eftir heimkomu. Verkið mun verða innblásið af hópspuna og tilraun okkar til að rannsaka möguleika hópspuna sem sýningarforms.“

Til að fjármagna ferðina hefur hópurinn sett af stað söfnun og stefnir á að safna tæpum tveimur milljónum.

„Við erum að safna 14.000 evrum sem eru um 1,8 milljónir. Sá kostnaður er miðaður við að halda sjö manneskjum uppi í þrjár vikur í Ísrael. Söfnunin gengur ágætlega en við höfum safnað um 1.000 evrum. Það er einn mánuður eftir af söfnuninni en við hvetjum fólk eindregið til að kíkja á söfnunarsíðuna okkar hjá Karolina Fund og kíkja á áheitin okkar. Einnig er hægt að finna okkur á Facebook og fylgjast með okkur þar undir nafninu REAL collective.“

**gudnyhronn@365.is**

ÞETTA GERÐIST 19. APRÍL ÁRIÐ 1971

# Charles Manson hlaut dauðadóm


**Í dag afplánar Charles Manson í Corcoran-ríkisfangelsinu.**

Á þessum degi árið 1971 var Charles Manson dæmdur til dauða fyrir hlutdeild í morðinu á leikkonunni og fyrirsætunni Sharon Tate.

Manson var leiðtogi hinnar svokölluðu Manson-fjölskyldu. Manson og fylgjendur hans myrtu níu manns á aðeins fimm vikum sumarið 1969. Árið 1971 var hann sakfelldur fyrir að fyrirskipa morðin á sjö manns en þeir sem voru drepnir voru leikkonan Sharon Tate og fjórir aðrir á heimili leikkonunnar. Daginn eftir voru svo hjónin Leno og Rosemary Labianca drepin.

Manson trúði á það sem hann kallaði Helter Skelter en það var að hans sögn yfirvofandi dómsdagsstríð milli hvítra og svartra. Heitið kemur frá samnefndu lagi með Bítlunum af The White Album. Manson kvaðst halda að þetta væru hin raunverulegu skilaboð lagsins.

Áður en Manson stofnaði Manson-fjölskylduna var hann atvinnulaus fyrrverandi fangi og hafði eytt helmingi ævi sinnar í betrunarvist fyrir ýmis brot. Áður en morðin voru framin var hann söngvari og lagasmiður í Los Angeles.

Manson var dæmdur til dauða en dómnum var breytt í lífstíðardóm í kjölfar þess að hæstiréttur Kaliforníu afnam dauðarefsingar árið 1972. Manson situr inni í Corcoran-ríkisfangelsinu.

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ragnhildur Sigfríð Gunnarsdóttir**
Þverárseli 24,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 10. apríl. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 24. apríl klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Jóhann Páll Ólafsson**
**Arndís Ólafsdóttir** **Hlynur Elísson**
**Óliver Elís Hlynsson**
**Róbert Elís Hlynsson**
**Sandra Dís Hlynsdóttir**
**Thelma Rós Hlynsdóttir**

---



**Sigurður A. Magnússon**
rithöfundur,

sem lést sunnudagskvöldið 2. apríl sl., verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 19. apríl kl. 13.00.

**f.h. aðstandenda,**
**Ragnhildur Bragadóttir**

---



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Þórðardóttir**
Hrafnistu, Nesvöllum, áður til heimilis að Sólvallagötu 36, Keflavík,

lést miðvikudaginn 12. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 28. apríl klukkan 13.

**Guðrún Þóra Halldórsdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**Halldór Már Sverrisson** **Ólafía Pálmadóttir**
**Þorsteinn Jóh. Þorsteinsson** **Fanney Skarphéðinsdóttir**
**og langömmubörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorsteinn Garðar Guðmundsson**
fv. bifreiðastjóri,

lést þann 9. apríl sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 28. apríl kl. 13.00.

**Erla Þórisdóttir**
**Kristín Þorsteinsdóttir** **Mohammed Abdulsamiu**
**Halla Þorsteinsdóttir**
**Þórir Þorsteinsson** **Ingibjörg Smáradóttir**
**Guðmundur Þorsteinsson**
**Gunnar Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Bróðir okkar og mágur,

**Ásgeir Gunnarsson**
frá Syðra-Vallholti, Skagafirði,

lést á öldrunarheimilinu Grund síðastliðinn miðvikudag. Útför fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 21. apríl kl. 11.00.

**Ástríður Helga Gunnarsdóttir**
**Erla Guðrún Gunnarsdóttir**
**Sigurður Heiðar Gunnarsson** **Hrefna Einarsdóttir**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingileif Steinunn Ólafsdóttir**
Furulundi 13d, Akureyri,

áður húsfreyja á Bólstað í Bárðardal, lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 12. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 21. apríl kl. 10.30.

**Ólafur Héðinsson** **Guðrún Halla Gunnarsdóttir**
**Pálína Héðinsdóttir** **Tómas Jóhannesson**
**Ragnheiður Héðinsdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Sigrún Á. Héðinsdóttir** **Jóhann Thorarensen**
**Höskuldur Héðinsson** **Elin Renate Larsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sveininna Jónsdóttir**
Tjarnartúni 3, Akureyri,

sem lést 8. apríl sl., verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 21. apríl klukkan 13.30. Sérstakar þakkir færum við Heimahlynningu og starfsfólki heilbrigðisstofnana Akureyrar.

**Sigurgeir Ísaksson**
**Jón Skúli Sigurgeirsson** **Inga Þorláksdóttir**
**Ævar Ísak Sigurgeirsson** **Senee Sankla**
**Kristjana Sigurgeirsdóttir** **Vésteinn Aðalgeirsson**
**Sævar Sigurgeirsson** **Herborg Eðvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Magnús Sigurðsson**
læknir,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík 10. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju 21. apríl kl. 15.

**Sigríður Sif Magnúsdóttir** **Sigurður Dagur Sigurðars.**
**María Kristín Magnúsdóttir** **Þór Agnarsson**
**Sigurður Hólmsteinn Magnússon**
**Karl Magnús Magnússon** **Katrín Magnúsdóttir**
**barnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Magnús Oddsson**
rafmagnstæknifræðingur og leiðsögumaður, Bjarkargrund 35, Akranesi,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 11. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 25. apríl klukkan 13.

**Svandís Pétursdóttir**
**Pétur Magnússon** **Ingibjörg E. Ingimarsdóttir**
**Ágúst Logi, Magnús Árni og Svandís Erla**

---



Elsku hjartans móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,

**Ásdís Ólafsdóttir**
Jöklafold 41, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 11. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 26. apríl kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið endurhæfingarmiðstöð.

**Selma Hrönn Hauksdóttir**
**Óskar Þór Hauksson**
**Þórdís Ólafsdóttir**
**Ólafur Helgi Ólafsson**
**Vigdís Ólafsdóttir** **Ásgeir Þór Árnason**
**Valdís Ólafsdóttir** **Jóhann Davíð Snorrason**

---



Minningarathöfn um son minn og bróður okkar,

**Ólaf Tryggva Kristjánsson**

sem andaðist 25. mars sl. í Owasso, Oklahoma, Bandaríkjunum, verður haldin í Dómkirkjunni í Reykjavík 21. apríl nk. kl. 15.00.

**Kristján Ólafsson**
**Guðný Kristjánsdóttir** **Gísli Kristjánsson**
**Þorvaldur Kristjánsson** **Flosi Kristjánsson**
**Sævar Kristjánsson** **Pétur Kristjánsson**
**Ólafur Grétar Kristjánsson**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar okkar ástkæru systur, frænku, vinar og hjálparhellu,

**Guðlaugar Guðmundsdóttur**
Sléttuvegi 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og vinarþel.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jón Hilmarsson**

---



Kærar þakkir fyrir auðsýnda samúð, kærleika og hlýhug við andlát og útför

**Jóns Páls Þorbergssonar**
flugvélstjóra.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæsludeildar Landspítalans fyrir alveg einstaklega faglega umönnun, kærleika og alúð við Jón Pál og fjölskyldu hans.

**Sigurbjörg Lárusdóttir, Guðmundur Liljar Pálsson, Magnús Páll Haraldsson, Lárus Vilhjálmsson, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Kristján Vilhjálmsson, Emilía H. Vilhjálmsdóttir, Jósep H. Vilhjálmsson, tengdabörn, barnabörn og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,

**Kristine Eide Kristjánsson**
Aðalstræti 8, 101 Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 19. apríl kl. 13.

**Hans Kristján Árnason** **Sigríður Halldórsdóttir**
**Ingunn Árnadóttir**
**Guðrún Árnadóttir** **Ólafur H. Jónsson**
**Einar Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Sunnan strekkingsvindur og rigning eða slydda um morguninn, en síðan allhvöss suðvestanátt og skúrir eða él. Léttir til á Austurlandi seinni partinn, hiti 2 til 11 stig, hlýjast A-lands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | 1° |
| 14 | 15 | 13 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 4° | -3° |
| 13 | 14 | 16 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -1° | -2° |
| 4 | 4 | 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | 1° | -5° |
| 9 | 6 | 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 3 | 1 | 9 | | 2 | 4 | |
| | | 7 | 2 | | | | | 9 |
| | | 4 | 5 | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| 7 | 9 | 2 | | 3 | | | 6 | |
| 1 | | 6 | | 5 | | | | 8 |
| 2 | 4 | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 8 | | | | | 9 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | | | 6 | 7 | 4 |
| | | | | 6 | | 5 | 8 | |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | 7 | | 4 | 8 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 5 |
| | | 1 | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 2 | 9 | 3 | 7 | | 4 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | | 3 | 5 | 9 | | | | |
| | | 4 | | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | 5 | | 7 | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | 2 | |
| 6 | | 1 | | | | 2 | 4 | |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| | | | 9 | 8 | | | 6 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. blað
6. hljóm
8. herma
9. móðurlíf
11. fyrir hönd
12. bit
14. einkennis
16. vörumerki
17. hald
18. stækkaði
20. leita að
21. ógæfa

**LÓÐRÉTT**
1. fita
3. samtök
4. uppbrot
5. spor
7. planta
10. skap
13. flík
15. ílát
16. sæ
19. bókstafur



**LÁRÉTT:** **2.** lauf, **6.** óm, **8.** apa, **9.** leg, **11.** pr, **12.** glefs, **14.** aðals, **16.** ss, **17.** tak, **18.** jók, **20.** gá, **21.** ólán.
**LÓÐRÉTT:** **1.** tólg, **3.** aa, **4.** uppslag, **5.** fár, **7.** melasól, **10.** geð, **13.** fat, **15.** skál, **16.** sjó, **19.** ká.

## Skák Gunnar Björnsson

Thiermann átti leik gegn Schmitt í Bad Kissingen árið 1954.
**Hvítur á leik**
**1. Ha6! Dxa6 2. Rc7+1-0.**
GAMMA Reykjavíkurskákmótið hefst í dag í Hörpu. Um 280 skákmenn taka þátt í mótinu.
**www.skak.is:** Allt um Reykjavíkurskákmótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman















**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| FAST AND FURIOUS 8 VIP | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| A MONSTER CALLS | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:45 | 12 |
| CHIPS | KL. 10:20 | 16 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:10 - 8 | 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:45 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 5 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:10 | 12 |
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 | 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 8 - 10:45 | 6 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 - 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 9 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:40 | 6 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:20 - 8 | 9 |





# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** Útskriftartónleikar Sigríðar Eyþórsdóttur! tónskálds
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salnum, Kópavogi
Tónleikar Sigríðar Eyþórsdóttur, af tónsmíðabraut, eru fyrsti viðburður útskriftarhátíðar Listaháskóla Íslands. Verkið byggir á tveimur þáttum. Annars vegar náttúru- og umhverfisþáttum og hins vegar tilfinningum og innri togstreitu. Þessum þáttum er svo púslað saman þannig að náttúran táknar vissar mannlegar tilfinningar. Verkið er að stórum hluta hljóðritað fyrirfram en píanó og selló munu hljóma með hljóðritinu.

**Hvað?** Vetur kvaddur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Breiðholtskirkju
Vorhátíð kirkjustarfs eldri borgara í Breiðholtinu verður haldin í dag. Þar mun kór eldri borgara í Neskirkju, Hljómur, syngja undir stjórn Hildigunnar Einarsdóttur og Gerðubergskórinn undir stjórn Kára Friðrikssonar. Eins mun Soffíuhópurinn úr Hæðargarði lesa ljóð og börn úr Tónskóla Sigursveins leika á hljóðfæri. Kynnir er sr. Þórhallur Heimisson. Eftir hátíðina í kirkjunni er öllum boðið til veislukaffis í safnaðarheimili Tjaldkirkjunnar í Mjódd.

**Hvað?** Sumrinu fagnað með latín- og salsatakti
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hosteli
Í fyrra kom út geisladiskurinn Bongó með níu manna latínsveit bassaleikarans Tómasar R. Einarssonar. Og í kvöld mun Tómas ásamt hljómsveit sinni og salsadönsurum flytja plötuna í heild sinni á fríum tónleikum. Tónlistarfólkið sem kemur fram með Tómasi eru m.a. Sigríður Thorlacius og Bogomil Font.

**Hvað?** „Inspired“ – Harold Burr – Gospel
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholti
Kvöldstund með Harold E. Burr tónlistarmanni gefur fullkomið tilefni til að verða innblásinn af gospeltónlist. Harold hefur búið á Íslandi undanfarin ár, en var á yngri árum meðlimur í hinni goðsagnakenndu hljómsveit The Platters. Miðaverð er 3.000 krónur á midi.is.



Sigríður Thorlacius er meðal þeirra sem koma fram á sumartónleikum á Kex. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Sýningar

**Hvað?** Opnun á Sumarsýningu Grósku
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gróskusalnum, Garðatorgi 1
Íslensku vorboðarnir eru tveir: lóan sem þegar er mætt með sitt dirrindí og hin árlega Sumarsýning Grósku. Hún verður opnuð í kvöld. Til sýnis verða verk eftir hátt í þrjátíu félaga í Grósku. Myndlistarmennirnir vinna verk sín í ýmsa miðla og er fjölbreytnin því mikil þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Rebekka Sif Stefánsdóttir söngkona syngur við opnunina og Aron Andri Magnússon leikur á gítar. Auk myndverka og ljúfra tóna verða einnig í boði léttar veitingar. Fólk er hvatt til að gera sér glaðan dag og göfga andann með því að fagna sumrinu á Sumarsýningu Grósku. Allir eru velkomnir og þeir sem ekki komast á opnunina þurfa ekki að örvænta því sýningin er opin áfram 20.-23. apríl kl. 12-18.

**Hvað?** Frumsýning á myndinni Hans Jónatan – maðurinn sem stal sjálfum sér
**Hvenær?** 19:30
**Hvar?** Havarí, Karlsstöðum, Djúpavogi
Heimildarmynd um Hans Jónatan – manninn sem stal sjálfum sér verður frumsýnd í Havarí í kvöld. Myndin er um klukkustundarlöng og er byggð á samnefndri bók Gísla Pálssonar um manninn sem fæddist sem þræll en átti að lokum farsælt líf á Djúpavogi eftir að hann birtist þar árið 1802. Í myndinni er fetað í fótspor Hans Jónatans á St. Croix, Kaupmannahöfn og Íslandi.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?
**Hvenær?** 9.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Hvaða áhrif hefur breytt valdajafnvægi á smáríki á norðurslóðum, möguleika þeirra til áhrifa í alþjóðakerfinu og samstarf ríkja innan alþjóðastofnana? Á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Norðurlanda í fókus í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála og Félags stjórnmálafræðinga verður velt upp spurningum tengdum breyttu valdajafnvægi í heiminum og stöðu lítilla ríkja í alþjóðakerfinu í dag. Þetta og margt fleira verður rætt frá kl. 9-18. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir, en skráning fer fram á vefsíðu Alþjóðamálastofnunar, ams.hi.is.


Góða skemmtun í bíó




Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS







BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Welcome to Norway | 18:00 |
| I, Daniel Blake | 18:00 |
| Safari | 18:00 |
| Genius | 20:00 |
| Moonlight | 20:00 |
| Glory | 22:00 |
| The Other Side Of Hope | 22:30 |
| Manchester By the Sea | 22:30 |



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Ferskur **ÍSLENSKUR** fiskur

**198** kr. stk.
**ES Ostapizza**
Frosin, 300 g

**2.298** kr. kg
**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk

**2.398** kr. kg
**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk, krydduð

**259** kr. 270 ml
**Bónus Hvítlaukssósa,** 270 ml
**Bónus Piparsósa,** 270 ml

**ÍSLENSKT** grísakjöt

**1.298** kr. kg
**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar, kryddaðar

Ferskur **MAÍS**

**139** kr. stk.
**Ferskur Maís**
Ca. 240 g

**198** kr. pokinn
**Bónus Frise Blanda,** 100 g
**Bónus Spínat,** 100 g
**Bónus Klettasalat,** 75 g

**ORKUDRYKKUR**
Líka til sykurlaus

**59** kr. 250 ml
**ES Orkudrykkur**
250 ml, 3 teg.

**259** kr. 55 g
**Barebells Próteinbar**
55 g, 3 tegundir

ENGIN KOLVETNI

**298** kr. 200 g
**Bónus Spínat**
200 g

**249** kr. 330 ml
**Nocco BCAA Orkudrykkur**
330 ml, 5 teg.

**395** kr. 500 g
**ES Bláber**
Frosin, 500 g

**395** kr. 1 kg
**ES Jarðarber**
Frosin, 1 kg

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið á morgun sumardaginn fyrsta í verslunum Bónus frá 11:00-18:30

# Takk fyrir veturinn



## GOTT VERÐ Í BÓNUS




**1.798** kr. kg

**Bónus Kjúklingabringur**
Ferskar




**698** kr. kg.

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill




**298** kr. kg.

**Bónus Kjúklingavængir**
Ferskir

**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**

**ÍSLENSKT** Nautakjöt




**498** kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Hamborgarar**
2x120 g




**198** kr. 300 g

**Bónus Hamborgarasósa**
300 g




**398** kr. 2x100 g

**Stjörnunaut Smass Hamborgarar**
2x100 g

**469** kr. 2x120 g

**Stjörnunaut Smass Hamborgarar**
2x120 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00




Útsýnið, veðurblíðan og stórar partístofur einkenna Fossvoginn en þar býr næsti viðmælandi Sindra, Birta Björnsdóttir ásamt eiginmanni og þremur börnum.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is
365

GREY'S ANATOMY
Drama, spenna og óvæntar uppákomur! Það er aldrei lognmolla á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum.


WENTWORTH
Dramatískir spennuþættir um Bea Smith sem situr inni fyrir tilraun til morðs á eiginmanni sínum og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.


BONES
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum.


THE MARTIAN
Geimfarinn Mark Watney er talinn af og verður strandaglópur á Mars eftir að geimskipið hans lendir í fárviðri. Mark verður að reyna að draga fram lífið á plánetunni í marga mánuði... 



SPY
Yfirmenn bandarísku leyniþjónustunnar uppgötva að stórhættuleg glæpadrottning hefur komist yfir öflugt vopn sem hún hyggst selja til hryðjuverkahóps.


VINYL
Skemmtilegir þættir um tónlistarframleiðandann Richie Finestra sem reynir að skapa sér framtíð í tónlistarheiminum en það er á brattann að sækja.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**10.20 Spurningabomban**
**11.10 Um land allt**
**11.55 Matargleði Evu**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Spilakvöld**
**13.45 Feðgar á ferð**
**14.10 Á uppleið**
**14.35 Major Crimes**
**15.20 Schitt's Creek**
**15.45 Glee**
**16.30 Simpson-fjölskyldan**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Víkingalottó**
**19.25 Mom**
**19.45 Heimsókn** Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem lítur inn hjá íslenskum fagurkerum.
**20.10 Grey's Anatomy** Þrettánda syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerist á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**20.55 Wentworth** Fjórða sería þessara dramatísku spennuþátta um Bea Smith sem situr inni fyrir tilraun til manndráps og bíður dóms í hættulegasta fangelsi Ástralíu.
**21.45 Bones** Tólfta og jafnframt síðasta syrpa þessara frábæru þátta þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings, sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
**22.30 The Martian**
**00.45 The Blacklist: Redemption**
**01.30 NCIS: New Orleans**
**02.10 Prison Break**
**02.55 Homeland**
**03.50 Vinyl**
**04.45 Quarry**
**05.35 Togetherness**
**06.05 Transparent**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.40 Leicester - Atletico Madrid**
**09.20 Real Madrid - Bayern München**
**11.00 Meistaradeildarmörkin**
**11.30 KR - Grindavík**
**13.10 Domino's-körfuboltakvöld**
**13.40 Premier League Review**
**14.35 Leicester - Atletico Madrid**
**16.20 Real Madrid - Bayern München**
**18.00 Meistaradeildarmörkin**
**18.30 Monaco - Borussia Dortmund**
**20.45 Meistaradeildarmörkin**
**21.15 Barcelona - Juventus**
**23.05 Newcastle - Leeds**
**00.45 UFC Live Events**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10 Crystal Palace - Leicester City**
**08.50 Everton - Burnley**
**10.30 Sunderland -West Ham United**
**12.10 Messan**
**13.40 Spænsku mörkin**
**14.10 Þýsku mörkin**
**14.40 Domino's-deild kvenna**
**16.20 KR - Grindavík**
**18.00 Domino's-körfuboltakvöld**
**18.30 Barcelona - Juventus**
**20.45 Monaco - Borussia Dortmund**
**22.35 Meistaradeildarmörkin**
**23.05 Granada - Celta de Vigo**

## STÖÐ 3

**17.25 The Big Bang Theory**
**17.50 The New Girl**
**18.15 Anger Management**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Curb Your Enthusiasm**
**19.35 Hlemmavídeó**
**20.05 Gulli byggir**
**20.30 Man Seeking Woman**
**20.55 Supernatural**
**21.40 Vinyl**
**22.40 Veep**
**23.10 Curb Your Enthusiasm**
**23.40 Hlemmavídeó**
**00.10 Gulli byggir**
**00.35 Man Seeking Woman**
**01.00 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Hvellur keppnisbíll**
**08.37 Ævintýraferðin**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Víkingurinn Viggó**
**09.11 Zigby**
**09.25 Stóri og Litli**
**09.38 Brunabílarnir**
**10.00 Könnuðurinn Dóra**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Hvellur keppnisbíll**
**12.37 Ævintýraferðin**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Víkingurinn Viggó**
**13.11 Zigby**
**13.25 Stóri og Litli**
**13.38 Brunabílarnir**
**14.00 Könnuðurinn Dóra**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Hvellur keppnisbíll**
**16.37 Ævintýraferðin**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Víkingurinn Viggó**
**17.11 Zigby**
**17.25 Stóri og Litli**
**17.38 Brunabílarnir**
**18.00 Könnuðurinn Dóra**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Litla stóra Pandan**



**Könnuðurinn Dóra**
**kl. 10.00, 14.00 og 18.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 RBC Heritage**
**13.00 Lotte Championship**
**15.00 RBC Heritage**
**20.00 Golfing World 2017**
**20.50 Champions Tour Highlights 2017**
**21.45 Lalla Meryem Cup**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.20 A Little Chaos**
**12.20 Heaven Is for Real**
**14.00 Longest Ride**
**16.10 A Little Chaos**
**18.10 Heaven is for Real**
**19.50 Longest Ride**
**22.00 Spy** Stórskemmtileg gamanmynd frá 2015 með Melissu McCarthy, Rose Byrne og Jude Law í aðalhlutverkum. Myndin segir frá því þegar yfirmenn bandarísku leyniþjónustunnar uppgötva að stórhættuleg glæpadrottning hefur komist yfir öflugt vopn sem hún hyggst nú selja til hryðjuverkahóps, en það ógnar auðvitað heimsfriðinum og má alls ekki gerast. Nauðsynlegt er að senda einhvern á vettvang til að stöðva viðskiptin en vandamálið er að glæpadrottningin þekkir alla njósnara bandarísku leyniþjónustunnar í sjón þannig að enginn þeirra getur tekið verkið að sér. Til að redda málunum ákveður skrifstofukonan Susan Cooper að bjóða sig fram, en hún þekkir pínulítið til njósnastarfa þar sem hún hefur áður aðstoðað aðra njósnara við að sinna sínum verkefnum. Og þar með hefst sprenghlægileg atburðarás.
**00.00 Interstellar**
**02.50 Act of Valor**
**04.40 Spy**

## RÚV

**15.45 Alla leið**
**16.55 Framapot**
**17.20 Úr gullkistu RÚV: Út og suður**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Finnbogi og Felix**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Gló magnaða**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólahreysti**
**20.35 Kiljan**
**21.15 Neyðarvaktin**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Ungdómurinn vestanhafs**
**23.10 Dancer in the Dark**
**01.25 Kastljós**
**01.50 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 America's Funniest Home Videos**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Jane the Virgin**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.30 Dr. Phil**
**14.10 Black-ish**
**14.35 Katherine Mills. Mind Games**
**15.25 Man With a Plan**
**15.50 The Mick**
**16.10 Speechless**
**16.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 King of Queens**
**19.00 Arrested Development**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Difficult People**
**20.15 Survivor**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 Fargo**
**23.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# OPNUM LANDIÐ

OPNUNARVERÐ Á VÖLDUM OG VÖNDUÐUM RAFTÆKJUM.
KOMDU Í SÍÐUMÚLANN OG SJÁÐU HVERNIG BETRA BORGAR SIG.



**United 50LEDX17T2**
50" Full HD sjónvarp.
**44.990. kr**



**LG FH4U2VFN3**
1400 snúninga 9kg þvottavél með stafrænu kerfisvali.
**69.990. kr**



## KAUPAUKI
BÖKUNARSETT OG ÁHALDASETT



**Kitchenaid 5KSM125**
Klassíska Artisan hrærivélin. 4 litir.
**84.990. kr**



**Indesit LR8S1X**
189cm kæliskápur með frysti, stál.
**49.990. kr**



**LG 43UH668**
43" Ultra HD snjallsjónvarp.
**79.990. kr**



**LG 55UH668**
55" Ultra HD snjallsjónvarp.
**109.990. kr**



**LG 65UH950V**
65" Super UHD snjallsjónvarp.
**269.990. kr**

## BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ




Leikkonan og framleiðandinn Charlize Theron var glæsileg að vanda.

RuPaul var flottur í tauinu frumsýningunni.

# Charlize Theron skein skært á frumsýningu Girlboss

Það var fjölmennt á rauða dreglinum þegar Girlboss, ný þáttaröð frá Netflix, var frumsýnd í Hollywood á mánudaginn. Leikkonan Charlize Theron er einn framleiðandi þáttanna, hún lét sig að sjálfsögðu ekki vanta á frumsýninguna og skein skært.

Þættirnir eru byggðir á samnefndri sjálfsævisögu kaupsýslukonunnar Sophiu Christinu Amoruso en Amoruso hóf feril sinn á að stofna eBay-verslun. Verkefnið gekk afar vel og í framhaldinu opnaði hún vefverslunina Nasty Gal sem naut mikillar velgengni. Í kjölfarið komst Amoruso á lista viðskiptatímaritsins Forbes yfir ríkustu konur heims sem hafa skapað auð sinn sjálfar.

Þættirnir Girlboss gefa innsýn í hvernig áhugaverð ævi hinnar 32 ára gömlu Amoruso hefur verið og hvernig hún komst á toppinn.

Þess má geta að seint á síðasta ári varð Nasty Gal gjaldþrota en fatamerkið Booboo tók yfir reksturinn og vefverslunin lifir enn þá góðu lífi. „Þetta var fyrsta fyrirtækið mitt og ég komst mjög langt,“ sagði Amoruso á Australia's Business Chicks-ráðstefnunni skömmu eftir að í ljós kom að fyrirtækið væri að fara á hausinn. Í dag virðist Amoruso vera að einbeita sér að þáttagerð en hún er einn af framleiðendum Girlboss.

Fyrsta sería af Girlboss er í þrettán þáttum sem koma inn á Netflix 21. apríl.






Þetta dress sást á tískupallinum hjá Gucci þegar nýjasta vetrarlínan var kynnt.

## Klæddist dressi sem metið er á milljón króna

Söngkonan Rihanna klæddist óvenjulegu dressi frá tískuhúsi Gucci á Coachella-tónlistarhátíðinni á dögunum. Dressið er metið á sem nemur um einni milljón króna og sást á tískupallinum hjá Gucci þegar nýjasta haust- og vetrarlínan var kynnt í febrúar.

Dressið sem um ræðir samanstendur af hlýrabol, gegnsæjum glimmertopp, leggingsbuxum úr sama efni og rifnum gallastuttbuxum.

Eins og áður sagði eru fötin úr haustlínu Gucci og eru því ekki komin í sölu, þannig að það er greinilegt að Rihanna er á sérsamningi hjá tískuhúsinu.

Rihanna birti mynd af sér í dressinu á samfélagsmiðlum og sagðist ekki vera tilbúin að fara heim þar sem ekki væru nógu margir búnir að sjá fötin sem hún klæddist.

– gha



Rihanna klæddist Gucci frá toppi til táar á Coachella.



Þættirnir byggja á ævisögu Sophiu Amoruso. NORDICPHOTOS/GETTY



Britt Robertson fer með aðalhlutverkið.

# Brotist inn til Drakes

Nýverið braust kona inn á heimili rapparans Drakes. Aðstoðarmaður Drakes mun hafa komið að konunni, sem er 24 ára, í einu svefnherbergja hússins. Konan hafði klætt sig í hettupeysu af rapparanum og hafði fengið sér gosdrykki og vatn. Ekki er vitað hvað konan var búin að vera lengi inni á heimili Drakes þegar aðstoðarmaðurinn kom að henni. Hún mun ekki hafa verið vopnuð samkvæmt heimildum TMZ né valdið neinum skemmdum.



Drake fékk óboðinn gest í heimsókn fyrr í mánuðinum. NORDICPHOTOS/AFP






ÁTTU VON Á GESTUM?

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SVEFNSÓFUM

QUADRO



Ítalskur svefnsófi með góðri dýnu. Fæst dökkgrár, rauður, ljósbrúnn og röndóttur. Dýnust.: 140x200 cm.



TILBOÐSVERÐ 217.425 KR.

FULLT VERÐ: ~~289.900~~ KR.

PALERMO



Ítalskur svefnsófi frá Natuzzi Edition með góðri dýnu. Hvítt eða rautt vandað leður. Dýnust.: 140x200 cm.



TILBOÐSVERÐ 292.425 KR.

FULLT VERÐ: ~~389.900~~ KR.

CLIO



Svefnsófi með góðri dýnu. Rautt og dökkgrátt áklæði. Dýnust.: 140x200 cm.



TILBOÐSVERÐ 277.425 KR.

FULLT VERÐ: ~~369.900~~ KR.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum App Store · Google Play · Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft



Eins og sjá má kemur platan út í föstu formi, sem er ekki alvanalegt í nettengdum heimi nútímans. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Það er aldrei frí

**Aron Can** gerði allt vitlaust fyrir um ári með mixteipinu Þekkir stráginn og er lagið Enginn mórall komið með milljón spilanir. Í dag gefur hann út Ínótt, sína fyrstu plötu í fullri lengd – á geisladisk.

Þetta eru örugglega búin að vera mestu lífsreynsluárin sem ég hef átt hingað til – þetta er ekkert það langur tími og allt sem ég er búinn að gera, læra, sjá og fá að fylgjast með – þetta er eitthvað sem krakkar á mínum aldri myndu örugglega gera mikið til að fá að upplifa. Ég hef fengið að vinna með og kynnast fullt af ógeðslega góðu fólki. Þetta er bara yndislegt,“ segir Aron Can um árin 2016 og 2017 en hann hefur bókstaflega rokið upp á stjörnuhimininn síðan hann gaf út mixteipið Þekkir stráginn fyrir sirka ári. Í dag kemur nýjasta platan hans, Ínótt, út á vegum Sticky Records og er um plötu í fullri lengd að ræða, 14 glæný lög.

*Er þetta tímabil í lífi þínu það sem platan snýst um?* „Já – þetta er í raun og veru bara það. Lífið síðan allt þetta brjálæði byrjaði.“

*Hversu lengi ertu búinn að vera að vinna að plötunni? Hefur allt þetta tónleikahald ekkert truflað?* „Kannski sex mánuði, allavega. Það er bara stúdíóið á hverju einasta kvöldi. Þegar við erum að taka svona „session“ eins og með þessa plötu þá get ég alveg minnkað við mig í spilamennsku í einhvern x tíma. Síðan tek ég kannski nokkur gigg og er þá ekki alveg jafn mikið uppi í stúdíói – ég þarf náttúrulega líka að bæta „showið“ mitt. Þetta er allt í hraðri þróun.“

**ÞETTA ER EKKERT ÞAÐ LANGUR TÍMI OG ALLT SEM ÉG ER BÚINN AÐ GERA, LÆRA, SJÁ OG FÁ AÐ FYLGJAST MEÐ – ÞETTA ER EITTHVAÐ SEM KRAKKAR Á MÍNUM ALDRI MYNDU ÖRUGGLEGA GERA MIKIÐ TIL AÐ FÁ AÐ UPPLIFA.**

Á plötunni eru einungis lög sem ekki hafa heyrst áður, en Aron hefur ekki tekið neitt þeirra á tónleikum hingað til. Eins og áður eru það þeir Aron Rafn og Jón Bjarni sem sjá um að smíða tónlistina með Aroni og líkt og á mixteipinu hans verða engir gestir á plötunni.

*Ertu að fara í aðrar áttir með tónlistina á þessari plötu eða er þetta svipað og teipið?* „Jájá, eins og ég segi þá getur þú borið þetta saman við eldra dótið mitt – þetta er í raun og veru það sama nema miklu þróaðra, miklu vandaðra og ég er með meiri reynslu og búinn að leggja meiri vinnu í þetta. Þetta albúm er miklu meira það sem ég vil gera og miklu minna pælt út frá því sem fólk vill heyra.“ Aron segir aðspurður að því hvort þessi mikla frægð á svona stuttum tíma sé eitthvað sem hann hafi búist við, að hann hafi að vissu leyti búist við mjög góðum viðbrögðum en kannski ekki alveg eins miklum og raun ber vitni.

„Ég er búinn að gefa út eitt teip og tvo, þrjá singúla fyrir utan það og þetta er ekkert endilega það sem vanalega gerist eftir svona stuttan tíma, þetta er auðvitað það fyrsta sem ég geri. Ég bjóst við þessu en bjóst ekki við þessu svona hratt svona eftir að við gerðum Þekkir stráginn – sem við gáfum út bara tveimur dögum eftir að við bjuggum það til og þá vorum við bara „vó, búum til teip, þetta er heitt“.“

Þegar blaðamaður spyr Aron að því hvort hann fari ekki bara beint í sumarfrí eftir þessa útgáfu svarar hann án þess að hika: „Það er aldrei frí.“ Næsta verkefni er nú þegar komið vel á veg og mun að sögn Arons líta dagsins ljós í sumar.

Í tilefni af útgáfu plötunnar verður í dag og fram nótt mikil veisla sem hefst með hófi í Gallerý Porti klukkan fjögur en þaðan verður haldið í skrúðgöngu á Prikið þar sem platan verður til sölu og fagnað verður langt fram á nótt. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

markhönnun ehf

# nettó



# Allt fyrir sumardaginn fyrsta í Nettó



**HVOLPASVEIT** KEILUSPIL
**999 KR STK**
ÁÐUR: 1.998 KR/STK

**FROZEN** HÚLAHRINGUR 80cm
**387 KR STK**
ÁÐUR: 1.498 KR/STK







**HVOLPASVEIT** BOLTAR 6cm
**215 KR STK**
ÁÐUR: 398 KR/STK

**MINIONS POOL** 100cm
**1.634 KR STK**
ÁÐUR: 2.998 KR/STK

**HVOLPASVEIT** SIPPUBAND
**212 KR STK**
ÁÐUR: 398 KR/STK











**FROZEN** FATA 17cm
**450 KR STK**
ÁÐUR: 499 KR/STK

**CARS 3** FATA 17cm
**286 KR STK**
ÁÐUR: 498 KR/STK

**FROZEN** HLIÐARTASKA 13X16cm
**422 KR STK**
ÁÐUR: 998 KR/STK

**HVOLPASVEIT** HJÁLMUR BLÁR
**1.415 KR STK**
ÁÐUR: 2.998 KR/STK

**PLASTSKÓFLUR**
**151 KR STK**
ÁÐUR: 298 KR/STK



**MINIONS** BOLTI 6cm
**215 KR STK**
ÁÐUR: 398 KR/STK







**MY LITTLE PONY** REGNHLÍF 45cm
**287 KR STK**
ÁÐUR: 499 KR/STK

**FINDING DORY** SÁPUKÚLUR 60ml
**119 KR STK**
ÁÐUR: 199 KR/STK

**HVOLPASVEIT** TRUKKUR
**6.305 KR STK**
ÁÐUR: 6.998 KR/STK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur



## Heilagt hjónaband

Á morgun fögnum við sumardeginum fyrsta. Það er margt gott við sumarið, m.a. það að þá ganga margir í heilagt hjónaband, ýmist trúarlega eða borgaralega. Það gleður alltaf hjarta mitt að horfa á brúðhjónin ganga inn kirkjugólfið til að bera fram heit sín um ást, trúfesti og virðingu; hinar þrjár stoðir hjónabandsins. Ég held að gott hjónaband snúist um að vanda sig. Tengslin í lífinu skipta mestu máli og eigi ástúðarbönd að styrkjast þarf maður að vanda sig. Ég sá um daginn rúmlega 40 ára gamla ljósmynd á Fb-síðu vinar míns af nokkrum hjónum standandi fyrir utan heimili foreldra hans. Yst á myndinni voru foreldrar mínir og það sem gladdi mig mest var að sjá hvernig þau héldust í hendur. Ég átti alltaf þá góðu tilfinningu á uppvaxtarárunum að þau lifðu í góðu hjónabandi. Þessi mynd minnti mig á það og kallaði fram þakklæti. Ekki vegna þess að hjónaband foreldra minna hafi verið átakalaust heldur vegna þess að það var heilagt. Hugtakið heilagt hjónaband er ekkert guðsorðagjálfur. Það sem er heilagt er frátekið. Hjón velja að vera frátekin fyrir hvort annað. Ytri þættir skipta þar minnstu máli heldur er það inntakið sem öllu varðar. Í hjónabandi ber fólk ekki ábyrgð hvort á öðru heldur bera hjón ábyrgð á sjálfu sér og framkomu sinni gagnvart hvort öðru. Hjón eru tveir fullveðja jafningjar sem velja að vera vitni að lífi hvor annars og deila kjörum. Eitt það fallegasta sem ég sé í mínu starfi, þótt það sé sárt, er það þegar maki beygir sig yfir kistuna og kveður ástvin sinn eftir áratuga samleið og grætur og þakkar. Þá skilur maður hvað er heilagt við hjónabandið. Ég óska brúðhjónum sumarsins heilla og hamingju.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland



APPLE TV 4 Á 0 KR.

MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT



365.is 365






*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS